

Dagbók Össurar í Malaví hjálparstarf 22



Sjö ára snjó-brettasníllingur fólk 50



Lína Langsokkur er sterkust í heimi krakkar 32



spottið 12



FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað

7. apríl 2012
82. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt vörðsluáætlunum Gallup á ári - september 2011



Er sósíal einfari
Elísabet Ronaldsdóttir klippari hefur átt ævin-týralegan feril.
kvikmyndir 18



Saga sem gleymist ekki
Breska ríkisstjórnin þakkar Magnúsi Pálssyni.
björgunarafrek 26

Mál sem snertir alla
Arnar Jónsson leikur öll hlutverk in Jobsbók, páskaeikriti útvarpsins.
menning 36

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Grill & grillvörur | Fólk | Atvinna



Gleðilega páska



PÁSKARNIR Á ÞINGVÖLLUM Fjölmargir lesendur Fréttablaðsins spreyttu sig á því að fanga hina einu sönnu páskastemningu í ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins. Hulda Rós Hákonardóttir þótti skara fram úr með þessari mynd af Katrínu Rósu, fimm ára dóttur sinni, í hrauninu á Þingvöllum. **Sjá síðu 20**

MYND/HULDA RÓS HÁKONARDÓTTIR

600 milljónir í nefið og vörina

ÁTVR seldi þrjátíu tonn af nef- og munntóbaki í fyrra. Það er þrefalt meira en árið 2002 og rúmlega tvöfalt meira en 2006. Aukningin mest hjá ungum körlum sem taka neftóbak í vörina, segir tóbaksvarnafulltrúi.

HEILBRIGÐISMÁL Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins seldi þrjátíu tonn af nef- og munntóbaki í fyrra, um tuttugu prósentum meira en árið áður. Salan hefur þrefaldast frá árinu 2002.

ÁTVR hefur bæði haft gamaldags neftóbak, svokallaðan rudda, og tóbakið Lunda, en af því seldist rúm tónn í fyrra. Hver 34 gramma dós af Lunda kostar 800 til 850 krónur út úr búð og hver 50 gramma dós af „rudda“ rétt ríflega þúsund krónur. Meðalverð á gramm af nef- eða munntóbaki er því rúmar tuttugu krónur.

Þrjátíu tonn eru því jafnvirði um 600 milljóna króna. Er þá ótalið tóbakið sem flutt er inn ólöglega.

Kári Gunnlaugsson, yfirmaður tollfirtirlits hjá Tollstjóra, segir að alla jafna sé lagt hald á um 80 til 100 kíló af smygluðu munn- og neftóbaki á ári, sem sé þó líklega aðeins brot af því sem flutt er inn. „Þetta hefur haldist nokkuð stöðugt undanfarin tíu ár,“ segir Kári.

Athygli vekur að á sama tíma og sala á nef- og munntóbaki jókst úr tæpum 24 þúsund tönnum í þrjátíu þúsund frá árinu 2009 til 2011, eða um 25 prósent, dróst sala á reyktóbaki, sigarettum og vindlum saman um fjórtán til 23 prósent. Nef- og munntóbak er raunar eina tóbakið sem hefur selst meira ár frá ári allt frá árinu 2002.

„Við sjáum það í gegnum okkar

kannanir að þetta eru aðallega ungir strákar sem nota íslenska neftóbakið sem munntóbak,“ segir Viðar Jensson, tóbaksvarnafulltrúi hjá Landlækni, um aukninguna. Hann segir að við þeirri þróun þurfi að bregðast, og það hafi þegar verið gert að einhverju marki með áttakinu Fyrirmyndarleikmanninum, þar sem fótboltamenn höfðu munntóbaksnotkun. Það muni halda áfram.

Þá séu væntanlegar eftir mánuð eða svo niðurstöður úr viðamikilli könnun á neyslumynstri alls tóbaks, sem vonandi muni bregða ljósi á ástæður þess að munntóbaksneysla hefur aukist jafnmikið og raun ber vitni undanfarin ár.

Hærrí en eitt og hálf Everest

Væri öllum munn- og neftóbaksdósum sem Íslendingar keyptu í fyrra staflað upp, næði stæðan um fimmtán kílómetra í loft upp.

EVEREST-FJALL
8.848 m



SELTÓBAK Á ÁRI
15.000 m



Lyfja Lág múla kl. 8-01
Lyfja Smáratorgi kl. 8-24

Gleðilega páska

Hjá okkur er opið **alla páskana**, einnig páskadag.



www.lyfja.is

Opið til 18 í dag

Gleðilega páska



Lokað á páskadag og annan í páskum





Matti, eru þið ekki páskaeggjandi?

Við erum ekkert sérstaklega páskaeggjandi en alveg grjótharðir fiskar.

Matti Papi og Ingó Veðurguð ætla að túra um landið um helgina og spila saman. Matti keypti fyrir helgi 50 poka af harðfiski enda báðir í átaki.

Ungverskur maður gekk berserksgang með sveðju og drap fjóra og særði þrjá:

Réðist á foreldra og systkini

UNGVERJALAND, AP Lögreglan í Ungverjalandi handtók í gær mann sem gengið hafði berserksgang með sveðju í borginni Kulcs. Maðurinn myrta fjóralögskuldumélmi og særði þrjá til viðbótar á heimili fjölskyldunnar.

Hinn 24 ára gamli Csanad Jutas Horvath er grundaður um að hafa myrt föður sinn, bróður, afa og ömmu í árás í gærmorgun. Móðir hans, systir og einn fjölskyldumélmiur til viðbótar særðust í árásinni. Árásin er talin tengjast erjum fjölskyldunnar.

Í yfirlýsingu frá lögreglunni segir að Horvath hafi fundist í felum skammt frá vettvangi árásarinnar, og að hann hafi ekki veitt mótspyrnu við handtökuna. Hann var fluttur á spítala þar sem gert var að áverkum sem hann er talinn hafa hlotið í árásinni.



VIÐBÚNAÐUR Mikill fjöldi lögreglumanna var kallaður til þegar fréttist af árásinni.

Kosningabaráttan farin í gang:

Háskólarektor kannar stöðuna

BESSASTADIR Stuðningsmenn Kristínar Ingólfssdóttur, rektors Háskóla Íslands, hafa látið framkvæma skoðanakönnun á fylgi frambjóðenda til embættis forseta Íslands og hennar stöðu í komandi kosningabaráttu, að því er fram kom í fréttatíma Stöðvar 2 í gærkvöldi.

Niðurstöðurnar úr könnuninni hafa ekki verið gerðar opinberar.

Kosningabaráttan fyrir forsetakosningarnar í sumar virðist vera komin af stað, en sex hafa þegar lýst yfir framboði.



LÁTINN Vonast er til að með fráfalli Bingu wa Mutharika hefjist lýðræðisþróun á nýjan leik.

Bingu wa Mutharika látinn:

Forseti Malaví fékk hjartaáfall

MALAVÍ, AP Forseti Malaví, Bingu wa Mutharika er látinn. Hann fékk hjartaáfall og var fluttur á sjúkrahús í höfuðborg landsins, Lilongwe, þar sem hann var úrskurðaður látinn.

Mutharika hafur setið í embætti forseta landsins síðan 2004. Íbúar Malaví telja hann ábyrgan fyrir efnahagsþrengingum sem hrjád hafa landið undanfarnir ár.

Einnig er hann sakaður um að hafa snúið við hægrí þróun í átt til lýðræðis og tekið sér eins konar einræðisvald í landinu.

Varaforsetinn, Joyce Banda, hefur tekið við sem starfandi forseti Afríkúríkisins og telja fréttaskýrendur að valdaferslan verði friðsæl.

Villikettir herja á íbúa í Borgarnesi

Kattafaraldur geisar í Borgarnesi. Villikettir og óskráðir kettir valda mörgum íbúum ónæði. Villikettirnir verða svæfðir en óskráðum köttum komið í réttar hendur. Áætluð að kettirnir séu um 420, segir umhverfisfulltrúi Borgarbyggðar.

BORGARBYGGÐ Kattafaraldur geisar nú í Borgarnesi og er fjöldi katta þar farinn að valda mörgum íbúum ónæði. Í flestum tilfellum er um villiketti eða óskráða ketti að ræða.

Ástandið er orðið svo slæmt að að gæludýraeftirlitsmaður hefur verið sendur út af örkinni til að handsama óskráða ketti. Átakið mun standa næstu vikur.

„Það eru 84 kettir á skrá hjá okkur og 64 sem við vitum af en eru óskráðir,“ segir Björg Gunnarsdóttir, umhverfisfulltrúi í Borgarbyggð. Svo virðist sem stærstur hluti katta í bænum sé óskráður eða gangi sjálfala. Aðeins um fimm tungur er lögformlega skráður.

„Við teljum samt að það séu ekki nema um 20 prósent katta á skrá en við áætluð að kettirnir í Borgarbyggð séu um 420.“

Björg segir að kettirnir séu úti um allt. Þeir hreiðri um sig í húsgörðum og dæmi séu líka um að þeir skjótist inn um glugga í húsum víða í bænum.

„Við erum að reyna að ná þeim sem eiga hvergi heima og höfum verið að handsama slatta af villiköttum,“ segir Björg.

Vandamál vegna katta er ekki nýtt af nálíni í Borgarbyggð. Á síðustu fjórum árum hafa 66 kettir verið svæfðir í bænum.

Þeir óskráðu kettir sem nást eru geymdir um sinn. Auglýst er eftir eigendum og þeir síðan afhentir eftir að gjald fyrir hand-sömun hefur verið reitt af hendi. Það kostar 15.700 krónur að leysa út kött sem hefur verið handsamaður.



BORGARNES Villikettir hafa verið að ónáða íbúa í Borgarnesi síðustu mánuði en talið er að um 420 kettir séu í sveitarfélaginu.

66 er sá fjöldi katta sem hefur verið svæfður í Borgarbyggð síðan 2008. Talið er að kettir í sveitarfélaginu séu um 420.

Öðru máli gegnir um villikettina og verða þeir svæfðir þegar til þeirra næst.

Kattaeigendum, sem eiga eftir að skrá ketti sína, er bent á að bæta þar úr hið snarasta og losna þannig við óþarfa kostnað.

kristjan@frettabladid.is



KÖTTUR Villikettir hreiðra um sig í gördum og jafnvel híbýlum fólks í Borgarbyggð.



LOGAR Flugmenn þotunnar munu hafa náð að losa sig við eldsneyti áður en hún hrapaði til jarðar.

Orrustuþota hrapaði á hús: Segja mildi að enginn fórst

BANDARÍKIN, AP Sjö eru slasaðir eftir að herþota hrapaði í íbúðarhverfi í Virginíu í Bandaríkjunum í gær. Tveir flugmenn voru um borð í þotunni en þeir skutu sér út áður en þotan brotlenti og svifu heilu og höldnu til jarðar í fallhlíf.

Þotan og brak úr henni hafnaði á fjórum íbúðarhúsum með þeim afleiðingum að mikill eldur kviknaði. Mikil mildi þykir að enginn skuli hafa farist.

Báðir flugmenn þotunnar slösuðust, auk þess sem fimm slösuðust á jörðu niðri.

Bandarísk stjórnvöld höfðu í gær ekki upplýst um ástæður þess að þotan hrapaði.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Viðbrögð við suðandi rakvél

Lögregla var í vikunni kölluð í Flugstöð Leifs Eiríkssonar þegar starfsmaður heyrði torkennilegt hljóð frá ferðatösku. Eigandi töskunnar var kallaður til og taskan opnuð. Hljóðið reyndist vera suð í rafmagnsrakvél og þurfti lögregla ekki að aðhafast frekar.

Stöðvuð með hass innvortis

Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli stöðvaði í vikunni konu við komu hennar til landsins vegna gruns um að hún væri með fíkniefni í fórum sínum. Konan reyndist vera með eina pakkningu af hassi innvortis.

Útgáfa Fréttablaðsins:

Kemur næst út á þriðjudag

Fréttablaðið kemur næst út þriðjudag.

Þjónustuver og afgreiðsla 365, að Skaftahlíð 24, er opin í dag frá 10 til 22. Á morgun, páskadag, verður opið frá 10 til 16. Á annan í páskum verður opið frá 10 til 22. Skiptiborð 365 er lokað yfir hátíðarnar.



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Kynning á umsóknarferli hjá Sameinuðu þjóðunum

Mánudaginn 16. apríl kl. 14:00-17:00 og þriðjudaginn 17. apríl kl. 14:00-17:00 munu tveir fulltrúar mannauðsskrifstofu SP í New York kynna fyrir áhugasömum langt og umfangsmikið umsóknarferli fyrir stöður hjá alþjóðastarfsliði SP. Kynningarfundirnir verða haldnir í utanríkisráðuneytinu, Rauðarárstíg 25. Áhugasamir geta skráð sig fyrir 12. apríl með tölvupósti á póstfangið skraning@utm.stjr.is með upplýsingum um nafn auk menntunar og ósk um hvor fundurinn verður sóttur.

Hvor fundur stendur í þrjár klukkustundir og fara fulltrúarnir í gegnum gerð ferilskrár, útfyllingu umsókareyðublaða, tilhögun atvinnuviðtala og sitja fyrir svörum. Sótt er um störf hjá SP á heimasíðunni careers.un.org.

Almenn skilyrði til umsókna hjá SP eru háskólamenntun, helst meistaraþróf. Enska og franska eru opinber tungumál SP og er krafist þess að umsækjendur tali annað hvort tungumálið reiprennandi. Tungumálaþekking í öðrum tungumálum er kostur.

Passíusálmar Hallgríms Péturssonar fluttir víða í kirkjum landsins í gær:

Sálmarnir hluti af páskahefð

TRÚMÁL Passíusálmarnir voru víða lesnir í kirkjum landsins í gær enda fyrir því löng hefð á föstudaginn langa. Sálmarnir voru meðal annars fluttir í Hallgrímskirkju, Grafarvogskirkju og Seltjarnarneskirkju.

Í Hallgrímskirkju voru sálmarnir lesnir af stúdentum í guðfræði og bókmenntafræði við Háskóla Íslands og nýir Passíusálmaforleikir eftir íslensk tónskáld fluttir af organistum kirkjunnar. Tónverkin eru eftir Elínu Gunnlaugsdóttur, Hjálmar H. Ragnarsson, Huga Guðmundsson, John A. Speight, Þorkel Sigurbjörnsson og Þuríði Jónsdóttur.

Passíusálmarnir eru höfuðverk Hallgríms Péturssonar, prests á Saurbæ í Hvalfirði. Sálmanna samdi hann um miðja sautjándu öldina og þeir eru mikilvægur hluti páskahefðarinnar.



FALLEG STUND Elín Þórðardóttir flutti Passíusálmana í Hallgrímskirkju í gær ásamt öðrum stúdentum við Háskóla Íslands.

ALLAR
VERSLANIR
OKKAR OPNAR
Í DAG!

TAXX FRÉTT

LAUGARDAGUR

Á GARÐVERKFERUM OG ÚTIVISTARFATNAÐI



MINNUM Á PÁSKAMARKAÐ BLÓMAVALS UM HELGINA

Páskablómin og skrautið á betra verði.

blóma^{val}



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Tax free gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“ enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma. Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti. Að sjálfsgöðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	127,02 127,62
Sterlingspund	201,58 202,56
Evra	167,21 168,15
Dönsk króna	22,471 22,603
Norsk króna	22,081 22,211
Svænsk króna	18,986 19,098
Japanskt jen	1,5436 1,5526

SDR	195,54	196,70
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
229,8427		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Margir leita til Neytendasamtakanna vegna álitamála tengdum húsaleigu: Á annað hundrað erindi á mánuði

NEYTENDUR Á annað hundrað mál hafa borist til Leigjendaadstoðar Neytendasamtakanna í hverjum mánuði það sem af er árinu. Að meðaltali bárust 128 erindi í mánuði sem er veruleg aukning frá síðasta ári, þegar 87 erindi bárust að meðaltali í hverjum mánuði.

Alls bárust 1.048 erindi allt árið í fyrra, en ef fer sem horfir stefnir í að þeim fjölgi um helming á árinu, og verði um 1.600 talsins, að því er fram kemur í samantekt Neytendasamtakanna.

Flest erindin snúast um ástand og viðhald á leiguíbúðum, hvernig



VANDAMÁL Sífellt fleiri leita til Neytendasamtakanna vegna álitamála tengdum húsaleigu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

kvarta skuli yfir ástandi húsnæðisins, hver eigi að gera við og hvernig. Þá snúast mörg erindi um leiguverðið, til dæmis hækkunar vegna vísitölubreytinga eða á grundvelli leigusamninga, afslátt af leigu vegna viðgerða og fleira, segir í samantektinni. Litlu færri hafa samband til að spyrja hvernig uppsögn á leigusamningi skuli fara fram.

Allir geta leitað til Leigjendaadstoðarinnar hvort sem þeir eru félagar í Neytendasamtökunum eða ekki. Minnihluti þeirra sem leita til þeirra eru félagsmenn. - bj

Átökin halda áfram í Sýrlandi: Samkomulag um vopnahlé

SÝRLAND, AP Stjórnarherinn í Sýrlandi sendi skyttur og skriðdreka gegn mótmælendum í höfuðborginni Damaskus í gær. Ráðgjert er að næstkomandi fimmtudag hefjist vopnahlé í Sýrlandi samkvæmt samkomulagi sem Kofi Annan, fyrrum aðalritari Sameinuðu þjóðanna, hafði milli-göngu um.

Óttast er að Bashar al-Assad, forseti landsins, sé með vopnahléinu að kaupa sér tíma til að herða enn frekar að mótmælendum gegn stjórn sinni. - bþh

Náttúran á undir högg að sækja vegna ágangs manna

Vinsælir ferðamannastaðir verða fyrir miklum áhrifum af mannavöldum. Áhrifin á undirlendi Suðurlands eru tvöfalt meiri en á landsvísi. Opinbera stefnumótun skortir varðandi áhrif manna á náttúruna.

UMHVERFISMÁL Landnýting á Suðurlandi er miklu meiri en í öðrum landshlutum á Íslandi. Þetta kemur fram í meistaraverkefni Elke Wald sem hún vann við Háskóla Íslands og kynnt var í síðustu viku.

Landsvæðið sem rannsakað var sérstaklega er láglandi Árnassýslu og Rangárvallasýslu. Kom í ljós að þar er ágangur manna á landið mestur. Rannsóknartímabilið sem verkefnið spannar eru árin 1900 til 2010, tímabil róttækustu breytinga íslensks þjóðfélags. Niðurstöðurnar sýna að áhrifin eru meiri en gert var ráð fyrir á svæðisbundin lífríki.

Í rannsókninni voru skoðuð áhrif vegagerðar, mannaústaða, ræktunarlands og framræslu votlendis. Þegar flokkarnir eru teknir saman kemur í ljós að áhrifin hafa sextíufaldast á rannsóknartímabilinu.

Áhrif landraskers manna gætir einnig í friðlöndum innan rannsóknarsvæðisins. Að meðaltali 20 prósent af friðlandi innan svæðisins verða fyrir áhrifum mannvirkja. Vegir eru þar yfirgnæfandi þáttur og bera 83 prósent áhrifanna. Áhrif landraskers koma verst við friðlandið umhverfis Gullfoss; rúmlega 80 prósent svæðisins verða fyrir áhrifum. Innan friðlandana eru helstu ferðamannastaðir á Íslandi.

Árni Gunnarsson, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, lýsti nýlega áhyggjum sínum af auknum ferðamannastraumi til landsins og sagði tímabært að stefnumót-

endur spyrðu sig hvort við værum að ganga nærri þeim gæðum sem ferðamannaíðnaðurinn er byggður á. Rúmlega helmingur þeirra ferðamanna sem sækja landið heimsækir sömu staðina.

Lengd vegakerfisins miðað við höfðatölu er langmest á Íslandi. Á rannsóknarsvæðinu er lengd vegakerfisins miðað við íbúatölu rúmlega tvöfalt meiri en á landinu öllu.

Taka verður mið af því að áhrif vegna og bílaumferðar á náttúruna ná langt út fyrir landsvæðið sem vegir leggja undir sig. Í verkefninu eru jafn aráhrifin talin ógna vatnsbúskap, veðurfari, raska jafnvægi vistkerfa og hafa í för með sér loftmengun.

Samanborið við önnur Evrópulönd og Bandaríkin sleppir Ísland tiltululega miklu af gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið. Íslendingar mæna mest allra vegna málframleiðslu, eru í þriðja sæti vegna mengunar í landbúnaði og í fjórða sæti vegna umferðarmengunar.

Á árunum 2000 til 2006 hefur flatarmál manngerðs yfirborðs stækkað í öllum löndunum sem miðað er við. Hér er fjallað um vegi og annað sem þeim fylgja, þéttbýlissvæði, iðnaðar- og útiverusvæði. Meðalstækkun er undir 10 prósentum en á Íslandi er hún 19,7 prósent og 34,6 prósent á Suðurlandsundirlendi. Annars staðar á Norðurlöndum er stækkunin aðeins þrjú prósent.

Elke Wald segir skýringar þess-



VIÐ GULLFOSS Mannvirki og mannaferðir hafa áhrif á rúmlega 80 prósent friðlandsins umhverfis Gullfoss. Fleiri friðlönd og vinsælir ferðamannastaðir eiga undir högg að sækja vegna þessa. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJTUR

Framræsla votlendis hefur mikil áhrif

Elke Wald leggur til að gerð verði áætlun um hvernig stjórna megi landnýtingunni á vettvangi sveitarfélaga.

Stefnumótun stjórnvalda hefur miðað að því að mæta vandamálnum sem fjölsfjölgun og fjölsflutningur hafa skapað á síðustu öld. Á fyrri hluta aldarinnar gerðu stjórnvöld ráðstafanir til að geta nýtt stærra landsvæði undir landbúnað. Með framræslu votlendis á Íslandi hefur stærð landbúnaðarlands stórukist og áhrif þess með. Landbúnaður á Íslandi hefur breyst í takt við þetta og tæknipróun í greininni.

Votlendi hefur þannig minnkað mikið og eru vísbendingar um að áhrifin séu varanleg á lífríki þess. Stefnu stjórnvalda, sem mótast ekki síst af alþjóðlegum skuldbindingum, hefur verið breytt og nú er stefnt að því að koma votlendi í upphaflegt horf og viðhalda lífríkinu.

ara auknu áhrifa landnýtingar ekki síst vera þjóðhagslegar. Fjölsfjölgun og aukin þéttbýlismyndun krefst frekari matvæla-, rafmagns- og atvinnusköpunar.

Landsvæði undir landbúnað og framleiðslu óx tuttugufalt á rannsóknarsvæðinu á tímabilinu sem rannsakað var. Það er í svipuðu

hlutfalli við fjölsfjölgun á höfuðborgarsvæðinu á sama tímabili.

Suðurlandsundirlendið var valið sérstaklega til rannsóknar þó það sé aðeins 15 prósent af landi 400 metrum yfir sjávarmáli, því það hefur 42,7 prósent tína og 43,7 prósent allra sumarhúsa á landinu.

birgirh@frettabladid.is



VÍRUS Verslunin Epli.is var sektað fyrir að auglýsa „enga vírusa“ í Apple-tölvum, enda ljóst að óværa herjar á þær tölvur eins og aðrar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Óværa herjar á Apple-tölvur: Um 600 þúsund tölvur sýktar

TÆKNI Óværa sem herjar sérstaklega á Apple-tölvur hefur nú sýkt um 600 þúsund tölvur. Talið er að sýktar tölvur séu notaðar af netglæpamönnum til að gera álagsrásir á vefsíður.

Apple hefur þegar boðið notendum upp á uppfærslu á stýrikerfinu í tölvunum til að koma í veg fyrir að óværan geti tekið tölvurnar yfir, en þær tölvur sem ekki hafa verið uppfærðar eiga á hættu að smitast.

Neytendastofa sektaði nýverið eigendur verslunarinnar Epli.is fyrir að gefa til kynna í auglýsingum að Apple-tölvur smituðust ekki af óværum.

- bj

LÖGREGLUFRÉTTIR

Tæmði bar og borgaði ekki

Lögreglan á Suðurnesjum þurfti í vikunni í þriggja að hafa afskipti af drykkfelldum ferðamanni sem leigði sér hótélherbergi, drakk allt áfengi á mini-barnum og gat svo ekki borgað fyrir veitingarnar. Maðurinn fór í kjölfarið úr landi á eigin vegum.

...endilega fáid ykkur

Eftirlæti

Smámál frá MS hafa notið vinsælda hjá stórum og smáum í fjölda ára. Þau fást í tveimur gómsætum bragðtegundum, karamellu og súkkulaði.

...hvert er þitt eftirlæti?

ms.is

VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir
veðurfréttamaður

VÆTUSAMT
verður á landinu í dag og á morgun og gæti farið svo að annað kvöld verði úrkoman að slyddu norðanlands. Á annan í páskum lítur svo út fyrir slyddu eða snjókomu norðan og austan til en nokkuð björtu veðri um landið sunnanvert.

Á MORGUN
Strekkingur með S-ströndinni annars hægar.

MÁNUDAGUR
Strekksvindur víða um land.

HEIMURINN

Alicante	19°
Basel	18°
Berlín	5°
Billund	4°
Frankfurt	8°
Friedrichshafen	11°
Gautaborg	5°
Kaupmannahöfn	5°
Las Palmas	21°
London	9°
Mallorca	17°
New York	15°
Orlando	24°
Ósló	6°
París	13°
San Francisco	17°
Stokkhólmur	1°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



Ætlar þú til útlanda í sumar?

JÁ	38,6%
NEI	61,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ert þú spennnt(ur) fyrir forseta-kosningunum í sumar?

Segðu þína skoðun á visir.is



Fjöldamorðinginn Charles Manson hefur aldrei þótt hæfur til reynslulausnar: Sækist eftir reynslulausn í tólfta sinn

BANDARÍKIN Fjöldamorðinginn Charles Manson fer fram á reynslulausn í tólfta sinn þann 11. apríl næstkomandi. Í öll ellefu skiptin hefur úrskurðarnefnd um reynslulausn Mansons komist að niðurstöðu um að lausn hans úr fangelsi myndi skapa samfélaginu hættu. Kveðinn var upp dauðadómur yfir Manson fyrir að hafa skipað fyrir um morðin á leikkonunni Sharon Tate og sex öðrum árið 1969. Manson átti þá marga fylgismenn sem saman töldust til „Manson-fjölskyldunnar“. Dauðarefsing var síðar lögð af í Kaliforníuríki og

dómur Mansons breyttist því sjálfkrafa í lífstíðarfangavist. Charles Manson, nú 77 ára gamall, hefur ávallt haldið fram sakleysi sínu. Héraðssaksóknari í Los Angeles segist ætla að mótmæla lausn hans, eins og embættið hefur gert í öll fyrri skiptin.

„Við munum mótmæla lausn hans þar til Manson er allur,“ sagði Sandi Gibbons, talskona saksóknaraembættisins. - bph

41 ÁR Í FANGELSI Charles Manson hefur ellefu sinnum sótt um reynslulausn en ávallt verið neitað. NORDICPHOTOS/AFP



Laumusnákur í fraktflugi: Nauðlenti með snák um borð

ÁSTRALÍA, AP Ástralskur flugstjóri varð að nauðlenda flutningavél sinni þegar snákur skreidd undan mælaborðinu og yfir færur hans. Flugstjórinn skelkaði sagðist ekki hafa verið viss um hvort snákurinn væri eittraður. Hann hefði því átt í erfiðleikum með að halda vélinni stöðugri í aðfluginu. „Ég hef séð snáka í bíó en aldrei um borð í flugvél,“ sagði hann. Honum varð hugsað til kvikmyndar Samuels L. Jackson þar sem eitruðum snákum var sleppt lausum í farþegaflugvél. - bph

MALLORCA
Sólareyjan sem hefur all! tilboð

Aparthotel Maracaibo ***
Flug + gisting í 7 nætur
Verð frá: **75.900 kr.***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð frá 89.900 kr á mann m.v. 2 fullorðna. Brottför: 22. maí - 7 nætur.

plús FERDIR

Bókaðu núna á plusferdir.is! www.plusferdir.is

PÁSKATILBOÐ

Frábært grill fyrir íslenskar aðstæður

44.900 FULLT VERÐ 54.900

Skoðið úrvallid á www.grillbudin.is

SÍÐASTI DAGUR PÁSKATILBOÐA Í DAG

Opíð til kl. 16:00 laugardag

Grillbúðin www.grillbudin.is

Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

YFIR 30 GERÐIR GASGRILLA Á PÁSKATILBOÐI

Páskarnir eru skemmtilegri með Stöð 2

Fullorðna fólkíð á æsispennandi páskafrí í vændum á Stöð 2 með mögnuðum kvikmyndum og vönduðum þáttum.

INHALE Páskadag kl. 21:50

PUBLIC ENEMIES Skírdag kl. 21:55

VALKYRIE Laugardaginn 7. apríl kl. 21:50

GAME OF THRONES Annan í páskum kl. 20:55

GREY'S ANATOMY 11. apríl kl. 21:15

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Hunsa sjálfstæðis-yfirlýsingu túarega

Uppreisnarmenn í norðurhluta Malí hafa lýst yfir sjálfstæði. Stjórn landsins er í uppnámi eftir valdarán hersins fyrir stuttu. Enginn hefur enn viðurkennt sjálfstæði Azawad og innri klopningur uppreisnarmanna flækir málin enn frekar.

MALÍ, AP Uppreisnarhópur af ættbálki túarega í norðurhluta Malí lýsti í gær yfir sjálfstæði og kallar nýja ríkið Azawad.

Enn hefur ekkert annað ríki viðurkennt sjálfstæði Azawad, en þetta útspil hefur enn aukið á óvissuástandi sem hefur ríkt í Malí frá því að herinn rændi völdum í höfuðborginni Bamakó fyrir rúmum hálfum mánuði. Nágrannaríki Malí íhuga að beita hervaldi til að stilla til friðar í landinu.

Túaregar eru af öðrum uppruna en íbúarnir í suðurhluta landsins. Þeir eru norður-afrískir hirðingjar og íslamstrúar. Þeir hafa barist fyrir sjálfstæði í rúma hálfu öld og segjast hafa borið skarðan hlut frá borði varðandi fjárveitingar og þróunarhjálp.

Eftir valdaránið á dögnum sem túaregum gafst tækifæri til þess að taka yfir stjórnina í norðurhlutanum. Þeir lögðu undir sig þrjár stærstu borgirnar í leitursókn í síðustu viku.

Sjálfstæðisyfirlýsingin var gerð í nafni Þjóðfrelshreyfingar Azawad, sem hefur ekki trúarlegar áherslur í baráttu sinni, en hefur hins vegar reitt sig á stuðning íslamista í bardögum.

Þar flækist málið þar sem sumir þeirra eru algerlega ósáttir við sjálfstæðisyfirlýsingu, þar á meðal salafistahópurinn Ansar Dine, sem aðhyllist mjög stranga túlkun á sharía lögum. Þeir hafa meðal annars skipað konum í hinni sögufrægu borg Timbúktú að hlýja andlit sitt á almannaferi.

Yfirvöld á Vesturlöndum hafa líka áhyggjur af því að íslamistar í Malí haldi hlífiskildi yfir liðsmönnum Al-Kaída hryðjuverkansins.

Þjóðfrelshreyfingin hefur enn sem komið er talað fyrir daufum eyrum á alþjóðavettvangi þar sem

Lýsa yfir sjálfstæðu Azawad

Uppreisnarhreyfing túarega í norðurhluta Malí lýsti yfir sjálfstæði í gær, en Azawad, sem þeir kalla ríki sitt, hefur enn ekki verið viðurkennt af öðrum ríkjum. Mikilið upplausnarástand hefur ríkt í landinu frá því að herinn velti lýðræðislega kjörnum forseta, Amadou Toumani Toure, úr stóli hinn 21. mars. Túaregar, hirðingjaættbálkur sem aðhyllist íslam, hafa um áratugaskeið barist fyrir sjálfstæði. Þeir segjast hafa verið sniðgengnir alla tíð og fjárveitingar og þróunarástoð hafi einakorðast við suðurhlutan.



HEIMILD: GRAPHIC NEWS, AP NORDICPHOTOS/GETTY

varnarmálaráðherra Frakklands sagði yfirlýsingu marklausa og bæði Evrópusambandið og Afríkusambandið hafa tekið í sama streng.

Ástandið verður sífellt ískeygglegra fyrir almenna borgara í Malí þar sem tugir þúsunda hafa flúið heimili sín í norðurhlutanum frá því

að átökin hófust. Hafa mannúðarsamtök varað við yfirvofandi neyð. Yfirvöld heraflla í þrettán nágrannaríkjum Malí funduðu í fyrradag um mögulega hernaðarhlutun sem myndi miða að því að berjja niður uppreisnina í norðurhlutanum og koma réttkjörinni stjórn til valda. thorgils@frettabladid.is

Sautján óhöpp fyrstu þrjá mánuði ársins þrátt fyrir erfiða færð á tímabilinu: Óhöppum hjá Strætó fækkar

SAMGÖNGUR Óhöpp voru miklu færri hjá strætisvögnum Strætó bs. á fyrstu þremur mánuðum ársins en árin þar á undan.

Sautján óhöpp urðu í akstri á þessum mánuðum, en á sama tíma í fyrra voru þau 37. Það var þó óvenju lág tala miðað við árstíma, að því er fram kemur á vef Strætó. Árið 2011 var metár hvað varðar öryggi í akstri hjá fyrirtækinu.

Níu óhöpp í akstri strætisvagna urðu í janúar, þrjú urðu í febrúar en fimm í mars. Í janúar og febrúar var færð þó að miklu leyti erfið. Jóhannes Jóhannesson, sviðsstjóri rekstrarsviðs Strætó, segir þessa góðu byrjun á árinu koma í framhaldi af góðum árangri í öryggismálum síðustu ár. Óhöppum hafi fækkað ár frá ári síðan 2006 og unnið hafi verið markvisst að því að fækka óhöppum í samstarfi við vagnstjóra og VÍS.

Jóhannes óskar samstarfsfólki til hamingju með árangurinn á vef Strætó, en í telefni þessa fékk starfsfólkið páskaþökkun.



STRÆTISVAGN Unnið hefur verið markvisst að því að auka öryggi farþega og vagnstjóra síðustu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Páskasteikin

fæst í Hagkaup



HAGKAUP
SMJÖRSPRAUTAD
KALKÚNASKIP

SMJÖRSPRAUTAD
KALKÚNASKIP

2.999 kr/kg



KALKÚNN
FERSKUR

1.598 kr/kg



HAGKAUP
Hamborgarhryggur

HAMBORGAR-
HRYGGUR

1.699 kr/kg



Jóa
FEL

ÚRBEINAD OG
FYLLT LAMBALÆRI

2.799 kr/kg

ferskt með flugi!



Jarðarber



Bláber



Hindber



Brómber



Rifsber



Blæjuber

Eftirréttina

færðu hjá okkur



Ríkka



Skyrterta

- Vinsælasta Fabrikkun
skyrtertán í heiminum!



Gulrótarkaka

- þriggja hæða



Vanillúis með brownies-
kökum, karamellusósu
og Bourbon vanillu



Súkkulaðimús með
kókos og rommi



Heit súkkulaðikaka
með mjúkri miðju



Silkimjúk súkkulaði-
mús með hindberjum



Páskakaka

- nýbökuð

999 kr/stk



Ostakaka að hætti Jóa Fel

- með appelsínusúkkulaði



Risaegg frá Nóa
er 1,4 kg



illy
úrvals kaffi

OPNUNARTÍMI
PÁSKAR
2012



SKEIFAN
GARÐABÆR
EIÐISTORG

KRINGLAN
SMÁRALIND
SPÖNG, AKUREYRI
HOLTAGARÐAR

NJARÐVÍK
BORGARNES
SELFOSS

7. apríl Laugardagur

24 TÍMA

10:00-20:00

10:00-18:00

8. apríl Páskadagur

LOKAÐ

LOKAÐ

LOKAÐ

9. apríl Annar í páskum

OPNAR Á MIÐNÆTTI

12:00-20:00*

12:00-18:00

*LOKAÐ Í KRINGLUNNI Á ANNAN Í PÁSKUM

HAGKAUP
Ein færð betra verð

LITLIR FÓTBOLTA SNILLINGAR



UPPLIFUN SEM ALDREI GLEYMIST

Barnið þitt gæti fengið að leiða leikmann inn á völinn í úrslitaleik UEFA Champions League í München.

Skráðu litla snillinginn til leiks á www.kreditkort.is

KREDITKORT



Gagnrýni á skýrslu Deloitte ómakleg

Endurskoðunarfyrirtækið Deloitte hafnar gagnrýni sjávarútvegsráðherra á útreikninga á áhrifum fyrirhugaðra breytinga á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Segja niðurstöður Deloitte ekki keyptar og benda á skort á rannsóknum stjórnvalda.

SIJÁVARÚTVEGUR Gagnrýni Steingríms J. Sigfússonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, á útreikninga endurskoðunarfyrirtækisins Deloitte er ómakleg, að mati forsvarsmanna Deloitte. Þeir vísa á bug tali um að niðurstaða fyrirtækisins hafi verið keypt.

Að beiðni Útvegsmannafélags Reykjavíkur reiknaði Deloitte út hver áhrif fyrirhugaðra breytinga á fiskveiðilöggjöfni gætu orðið fyrir sjávarútvegsfyrirtæki.

Með því að bakreikna ný gjöld á sjávarútveginn miðað við afkomu síðustu tíu ára komst Deloitte að því að veiðigjöldin hefðu verið meiri en heildarhagnaður sjávarútvegsfyrirtækjanna á því árabili.

Í yfirlýsingu Deloitte er vakin athygli á þeirri staðreynd að stjórnvöld hafi enga tilburði sýnt til að reikna út áhrif breytinganna sem þau séu að leggja til.

Einnig er vísað til greinar aðstoðarmanns Steingríms í Fréttablaðinu á skírdag, þar sem hann lét að því liggja að niðurstaðan væri „keypt“ af útvegsmönnum, og þar af leiðandi ekki marktæk.

„Deloitte er alþjóðlegt endurskoðunar- og ráðgjafafyrirtæki og niðurstöður þess fást ekki keyptar,“ segir í yfirlýsingu sem fyrirtækið sendi frá sér í gær.

Steingrímur sagðist í viðtali við Fréttablaðið efast um útreikninga Deloitte, þar sem hann sagði gert ráð fyrir dekkstu mögulegu niðurstöðunni. Þá sagði hann Deloitte virðast telja auðlindagjald til skattheimtu, en ekki endurgjalds fyrir afnot af auðlindinni.



AFKOMA Smábátaeigendur sitja fráleitt á fúlgum fjár eftir „góðærið 2010“ segir í yfirlýsingu frá Landssambandi smábátaeigenda. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Smábátautgerðir kikna undan klyfjunum

Smábátautgerðir munu ekki geta staðið undir auknum álögum á greinina sem boðaðar eru í frumvarpi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem Alþingi hefur nú til meðferðar að mati forsvarsmanna Landssambands smábátaeigenda.

„Ekki verður betur séð en að þær forsendur sem gefnar eru í útskýringum með frumvarpinu bendi til þess að margir smábátaeigendur sitji á fúlgum fjár eftir góðærið 2010. Það væri sannarlega óskandi, en er að sjálfsgöðu ekki raunin,“ segir í yfirlýsingu frá sambandinu.

Þar eru stjórnvöld gagnrýnd harðlega fyrir að efna ekki loforð um eflingu smábátautgerðar í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Frumvarpið er sagt ganga grófliga gegn þeim fyrirheitum. Þar segir jafnframt að óþóðlegt sé að sjávarútvegurinn þurfi að búa við það að fyrirkomulagi, sem miklu hafi verið kostað til að aðlagast og samhæfa, sé „kastað eins og spilastokk í loft upp með þeirri fullyrðingu að spilin raðist mun skipulegar við landingu en þau voru í hendi“.

Deloitte hafnar þessum skilningi ráðherrans og segir í yfirlýsingu að fyrirtækið líti vissulega á gjaldið sem skattlagningu. Það geri raunar höfundar frumvarpsins líka, enda talað um „sérstaka skattlagningu í sjávarútvegi“ í frumvarpinu sjálfu. Engu gildir hvort talað er um

skattheimtu eða afnotagjald, niðurstaðan er sú að auðlindagjaldið er viðbótarkostnaður í formi skattlagningar sem ekkert annað en hagnaður sjávarútvegsfyrirtækjanna getur staðið undir, segir í yfirlýsingu Deloitte.

brjann@frettabladid.is

Hvernig líður þjóðinni?

Meistara- og doktorsnám í lýðheilsuvísindum

Meistararnám í lýðheilsu (MPH, Master of Public Health)

er tveggja ára þverfræðilegt nám sem veitir hagnýta þekkingu á framkvæmd heilbrigðisrannsókna og útfærslu forvarnaðgerða. Námið er mikilvægur undirbúningur fyrir þá sem ætla sér forystuhlutverk á hinum fjölmörgu sviðum heilbrigðismála.

Í boði er:

- » kennsla frá helstu sérfræðingum Íslands á sviðum lýðheilsu
- » valnámskeið úr fjölmörgum fræðasviðum Háskóla Íslands, þar á meðal: heilsuhagfræði, heilsusálfræði, næringarfræði, opinberri stjórnsýslu, umhverfisfræði og vinnuvernd
- » kennslu- og rannsóknarsamstarf við fremstu menntastofnanir heims, þar á meðal Harvardháskóla í Boston og Karolínsháskólann í Stokkhólmi
- » rannsóknarsamstarf við innendar stofnanir, þar á meðal: Hjartavernd, Krabbameinsfélag Íslands, LSH og Embætti Landlæknis

Kynningarfundur **12. apríl** kl. 12.30 í stofu 108 í Stapa við Hringbraut · www.publichealth.hi.is · sími 525 4956

Hólmídis Freyja Methúsalemsdóttir, iðjuþjálfari
Meistaraverkefni:
Litlir fyrirburar á Íslandi: Lifsgæði á unglingsárum

Kjartan Gunnsteinsson, stoðtækjafræðingur
Meistaraverkefni:
Faraldsfræði afflimana og útlímamissis á Íslandi

Harpa Þorsteinsdóttir, BA í uppeldis- og menntunarfræði
Meistaraverkefni:
Streitueinkenni barna á Suðurlandi í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli

Guðlaugur Birgisson, sjúkráþjálfari
Meistaraverkefni:
Langtímaárangur af offitumeðferð á Reykjalandi – með eða án magahjáveituaðgerðar

Hrund Jónsdóttir, BS í íþrótt- og heilsufræði
Meistaraverkefni:
Líkamsþyngdarstuðull Íslendinga eftir matarvenjum – fyrir og eftir efnahagsþrengingarnar árið 2008

Sigrún Elva Einarsdóttir, sjúkráþjálfari og kennari
Meistaraverkefni:
Áhrif efnahagskransins á Íslandi 2008 á verkjaupplifun – samanburður gagna frá 2007 og 2009

Verið velkomin í öflugan nemendahóp!
Umsóknarfrestur er til **15. apríl 2012**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MIÐSTÖÐ Í LÝÐHEILSUVÍSINDUM

AFMÆLISTILBOÐ!

RÚMFATALAGERINN VERÐUR **25 ÁRA** Í HAUST OG AF ÞVÍ TÍLEFNI ÆTLUM VIÐ AÐ TAKA FORSKOT Á SÆLUNA OG BJÓÐA LANDSMÖNNUM UPP Á FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ!



SPARIÐ ALLT AÐ
30.000

MANHATTAN HÆGINDASÓFAR

Með leðri á slitflötum. Hægt að halla baki og lyfta skemli.
2ja sæta: B163 x H103 x D102 sm. áður **109.950** nú **89.950**
3ja sæta: B223 x H103 x D102 sm. áður **139.950** nú **109.950**

AFMÆLISTILBOÐ
3JA SÆTA
FULLT VERÐ: 139.950
109.950
1987 - 2012



AFMÆLISTILBOÐ
2JA SÆTA
FULLT VERÐ: 109.950
89.950
1987 - 2012

SPARIÐ
3.000



AFMÆLISTILBOÐ
STÆRÐ: 135 X 200 SM.
FULLT VERÐ: 19.950
16.950
1987 - 2012

KRONBORG DREAMER GÆSADÚNSÆNG

Lúxus gæsadúnsæng fyllt með 900 gr. af gæsadúni. Sængin er saumuð í 5x7 sm. ferninga með 2,5 sm. háum veggjum á milli hólfa sem gefa fyllingunni meira pláss og halda jafnari hita. Vandað ver úr 100% bómull sem þolir þvott. Sæng: 135 x 200 sm.

40%



HLÝRA-BOLUR
Hlýrabolur með breiðu baki.
Litir: Fjólublár og svartur.
Stærðir: S-XXL.

AFMÆLISTILBOÐ
FULLT VERÐ: 1.495
895
1987 - 2012

90% DÚNN



AFMÆLISTILBOÐ
2 SETT ÁÐUR: 7.990
NÚ AÐEINS:
5.000
1987 - 2012

SISSY SÆNGUR-VERASETT
Efni: 100% bómullarsatín.
Lokað að neðan með tölum. Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.

2 SETT



50%

AFMÆLISTILBOÐ
FULLT VERÐ: 2.495
1.245
1987 - 2012

HRÆÐSUÐUKETILL
Góður hraðsuðuketill.
Tekur 1,7 lítra.

20%

EINSTAKLEGA GÓÐIR DÚKAR



AFMÆLISTILBOÐ
VERÐ NÚ FRÁ:
1.995
1987 - 2012

37%



TILBOÐIN GILDA TIL 09.04

VALENCIA MATAR- OG KAFFIDÚKAR

Frábærir matar- og kaffidúkar úr mörkroefni, sem hrindir frá sér vætu. Litir: Svartur, hvítur, kremadur og rauður. Fást í mörgum stærðum. Stærðir:
Ø160 sm. **2.495** nú **1.995** 140 x 180 sm. **2.495** nú **1.995**
150 x 220 sm. **2.695** nú **2.155** 150 x 250 sm. **2.995** nú **2.395**
150 x 300 sm. **3.495** nú **2.795** 150 x 320 sm. **3.695** nú **2.955**
150 x 350 sm. **3.995** nú **3.195**

FLAGGAD Íslenski fáninn var dreginn í hálfu stöng á Stjórnarráðshúsinu í gær.



MÆLA GÖTURNAR Það er liðin tíð að ferðamenn sem heimsækja Ísland yfir páskana sveltí heilu hungri, enda ekki lengur svo að allir veitingastaðir og verslanir séu lokaðir.

Krossfesting á Arnarhóli á föstudegi

Föstudagurinn langi er yfirleitt með rólegri dögum landsins enda fremur fátt við að vera í borginni. Pjetur Sigurðsson fangaði stemninguna í Reykjavík og fylgdist meðal annars með krossfestingu á Arnarhóli.



KROSSFESTUR Gestum og gangandi var boðið að máta sig á kross sem komið hafði verið fyrir á Arnarhóli. Fáir virtust hafa áhuga á því kostboði.

 Landsvirkjun

Arður í orku framtíðar

ÁRSFUNDUR LANDSVIRKJUNAR

Silfurbergi, Hörpu

Fimmtudagur 12. apríl 2012 kl. 14–16

Aukin eftirspurn eftir raforku úr endurnýjanlegum orkugjöfum skapar margvísleg tækifæri sem Landsvirkjun hefur að undanfögnu unnið við að greina. Niðurstöðurnar gefa til kynna áhugaverð tækifæri með aukinni orkuvinnslu innan núverandi kerfis, uppbyggingu fjölbreytts iðnaðar og útflutningi um sæstreng.

- > Hver er sérstaða Íslands á alþjóðlegum raforkumörkuðum?
- > Hver yrðu áhrif sæstrengs á íslenskt samfélag?
- > Hverjir eru fjármögnunarmöguleikar Landsvirkjunar við breyttar markaðsaðstæður?

Landsvirkjun býður öllum til kynningar og opinnar umræðu um þau tækifæri sem fyrirtækið stendur frammi fyrir og árangur ársins 2011.

Oddný G. Harðardóttir

fjármálaráðherra

Ávarp

Bryndís Hlöðversdóttir

stjórnarformaður

Ábyrgir stjórnarhættir

Hörður Arnarson

forstjóri

Árangur og áskoranir

Rafnar Lárusson

framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Rekstrarniðurstöður 2011

Spurningar og umræður

Fundarstjóri er Ragna Árnadóttir,

aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar.

Allir velkomnir

Skráning:

landsvirkjun.is/skraning

Markmið opinna funda Landsvirkjunar er að stuðla að gagnsærrri og faglegri umræðu um málefni tengd starfsemi fyrirtækisins, sem er í eigu íslensku þjóðarinnar.

Tækninýjung í sölu í apríl:

„Prenta“ súkkulaði í þrívídd

TÆKNI Nýr súkkulaðiprentari gæti umbylt súkkulaðiframleiðslu þegar hann kemur á markað seinni partinn í apríl, segir í frétt BBC. Hönnuðir tækisins treysta á að eftirspurnin verði mikil þó páskarnir verði liðnir með tilheyrandi súkkulaðiáti.

Tækið virkar eins og aðrir þrívíddarprentarar, sem eru meðal annars notaðir til að búa til gervi-bein og skartgrip. Í stað þess að nota plast, við eða málm prentar það hins vegar skúlpúta úr gæðasúkkulaði. - bj



HAFIZ SAEED Stofnandi Lashkar e-Taiba segir ekkert vandamál að hafa samband við sig. NORDICPHOTOS/AFP

Eftirlýstur af Bandaríkjunum:

Saeed lætur sér fátt um finnst

PAKISTAN, AP Hafiz Mohammed Saeed, stofnandi Lashkar e-Taiba, lætur sér fátt um finnst þótt Bandaríkjamenn hafi lýst eftir honum og heiti 10 milljónum dala hverjum þeim sem gefur upplýsingar, sem leiða til handtöku hans.

„Ég er hérna, ég er sýnilegur,“ segir Saeed, sem er ekki í felum heldur býr og starfar í Pákestan. „Ég verð í Lahore á morgun. Bandaríkjamenn geta haft samband við mig hvenær sem þeir vilja.“

Saeed er leiðtogi samtaka herskárna íslamista, sem sökuð eru um ýmis hryðjuverk, meðal annars árástirnar í Múmbaí á Indlandi árið 2008. - gb

Fékk tveggja mánaða dóm:

Á sakaferil með hléum frá 1980

DÓMSTÓLAR 53 ára karl var á miðvikudag dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir hylmingu, en heima hjá honum fannst fjöldi muna úr innbroti í hús í Vesturbæ Reykjavíkur. Hann var líka dæmdur fyrir stuld á mat og öðru smálegu úr verslunum í Reykjavík, og fyrir að hafa í fórum sínum tóbaksblandað hass.

Maðurinn játaði brot sín. Fram kemur í dómnum, sem kveðinn var upp í Héraðsdómi Reykjavíkur, að hann eigi að baki sakaferil sem staðið hafi með hléum allt frá 1980. Síðast hlaut maðurinn dóm árið 2004, þá fyrir þjófnað. - óká

Skoða ljóshærðan mammút:

Fornmenn stálu bráð frá ljónum

VÍSINDI Rannsóknir á heillegu hræi af ungum mammúti sýna að bæði ljón og menn áttu þátt í dauða hans á sléttum Síberíu fyrir um 10 þúsund árum. Það þykir benda til þess að hópar veiðimanna hafi stolið bráð af ljónum, samkvæmt frétt BBC.

Mammúturinn, sem kallaður er Yuka, er talinn hafa verið á þriðja ári þegar hann var felldur. Hræið hefur varðveist vel í sífreranum og hefur ljósgullinn feldurinn vakið sérstaka athygli. Hræið þykir gefa mikilvægar vísbendingar um veiðimenn á þeim tíma sem hann var veiddur, og hvers þeir hafi verið megnugir. - bj

Volkswagen hefur fest kaup á hinum fornfrægu bílamerkjum Borgward, Goliath og Lloyd:

Endurvekja á vörumerki ódýrari bifreiða

BÍLAR Volkswagen hefur keypt hið gamla og fornfræga bílamerki Borgward og undirmerkin Goliath og Lloyd.

Fram kemur á vef Félags íslenskra bifreiðaeigenda að Borgward hafi verið nokkuð þekkt bíltegund hér á landi upp úr 1950 og fram á miðjan sjöunda áratuginn. Tegundinni er stundum sagt hafa verið ruglað saman við Wartburg, en á milli Borgward og Wartburg var enginn skyldleiki.

„Wartburg (og Trabant) var austur-þýskur en Borgward hafði heimilisfesti sína í gömlu Hansaborginni Bremen í V-Þýskalandi,“ segir á vef FÍB. Þar er jafnframt haft eftir þýska bílátímaritinu AutoBild að hugmyndin með kaupunum sé að endur-

vekja vörumerki bíla í ódýrari kantinum, ekki ósvipað og Renault hafi gert með Dacia.

„Tímaritið AutoBild getur sér þess til að Volkswagen muni byrja á því að endurvekja þriggja hjóla Goliatinn eða iðnaðarmannabílinn með því að taka afturhlutann á sendibílum Caddy og setja á hann nýjan framenda með aðeins einu hjóli,“ segir í umfjöllun FÍB, en slíkur bíll myndi ekki kosta nema um 5.500 evrur.

„Slíkur bíll gæti komið á markað strax upp úr miðju næsta ári og þar sem Volkswagen á allt í slíkan bíl yrði hönnun og samsetning því sáræinföld.“



BORGWARD HANSA 1500 Myndin er tekin á samkomu eigenda Borgward-bíla í Þýskalandi árið 2005.

MYND/ SPURZEM-WIKIPEDIA

- óká



Steindór Hjartarson

- MSc í orkuverkfræði frá HR
- BSc í hátækniverkfræði frá HR
- Verkfræðingur hjá Mannviti á sviði véla og iðnaðarferla

„HR býður upp á fyrsta flokks námsaðstöðu, kennara og leiðbeinendur sem eru vel að sér í fræðunum og sterk tengsl við atvinnulífið. Ég sá það best þegar ég hóf störf á vinnumarkaðinum hversu vel skólinn hafði undirbúið mig. Ég mæli með Háskólanum í Reykjavík fyrir þá sem vilja fá sem mest út úr meistaranámi sínu.“

Meistaránám í verkfræði Traust undirstaða til framtíðar

Opið fyrir umsóknir í meistaranám til 30. apríl



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

Trú byggð á óbeinum, eldgömlum sönnunum?

Efinn og upprisan

Á laugardaginn fyrir páska einhvern tímann í kringum árið 30 eftir okkar tímatali, voru fylgjendur Jesú Krists ákaflega dapur söfnuður. Leiðtogi þeirra hafði ekki aðeins verið tekinn af lífi daginn áður eins og hver annar glæpamaður, dæmdur af valdamönnum og úthrópaður af almenningi. Söfnuðurinn var líka fullur efasémda um að Jesús væri yfirleitt sá sem hann hafði sagt vera, frelsari mannkynsins og Guðs sonur. Sjálfur Símon Pétur hafði afneitað honum þrisvar í hallargarði æðsta prestsins.

Jafnvel eftir að gróf Jesú hafði fundizt tóm á páskadagsmorgun voru margir sem vildu ekki trúa konunum sem höfðu komið þangað fyrstar: „Þeir töldu orð þeirra markleysu eina og trúðu þeim ekki,“ segir Lúkas guðspjallamaður um viðbrögð lærisveinanna.

Það var ekki fyrr en að kvöldi páskadags, eftir að Jesús hafði snætt með lærisveinum sínum í Emmaus, að þeir trúðu því að hann væri upprisin. Hann sýndi þeim naglaförin á höndum sínum og fótum til sannindamerkis um það hver hann væri. Tómas postuli efaðist lengst og heimtaði að fá að setja fingurinn í sárin til að sannfærast, annars myndi hann alls ekki trú. Þannig er sagt frá í Jóhannesarguðspjalli: „Síðan segir hann við Tómas: „Kom hingað með fingur þinn og sjá hendur mínar og kom með hönd þína og legg í síðu mína og vertu ekki vantrúður, vertu trúður.“ Tómas svaraði: „Drottinn minn og Guð minn!“ Jesús segir við hann: „Þú trúir af því að þú hefur séð mig. Sælir eru þeir sem hafa ekki séð og trú þó.“

Frásögninni af fundi þeirra Tómasar fylgir höfundur Jóhannesarguðspjalls þannig eftir: „En þetta er ritað til þess að þið trúðið að Jesús sé Kristur, sonur Guðs, og að þið í trúinni eigið líf í hans nafni.“

Sannfæringarkraftur þessarar tvö þúsund ára gömlu sögu er slíkur, að í dag játa hundruð milljóna manna um allan heim kristna trú. Frásögnin af upprisinum og það fyrirheit um eilíft líf, sem hún gefur, er kjarninn í trú margra kristinna manna.

Samt er auðvelt að efast um sannleiksgildi frásagnarinnar, tilvist Guðs og allt hitt. Flestir kristnir menn sem eru komnir til vits og ára hljóta stundum að efast. Enda eigum við engan kost á þeim áþreifanlegu sönnunum sem Tómasi postula stóðu til boða. Okkar sannanir fyrir upprisinum eru óbeinar og alveg eldgamlar.

Enda verður sagan ekki sannfærandi nema vegna samhengisins sem hún er sögð í, við kærleiksboðskap þess krossfesta og upprisna. Hann er ævinlega nýr og ferskur og felur alltaf í sér nýtt tækifæri til að lifa lífi í nafni Jesú og að hans fyrirmynd. Það snýst ekki sízt um afstöðu okkar hvers og eins; hvort við erum reiðubúin að grípa það tækifæri; hvort við getum líka trúað án þess að hafa séð. Sá sem á slíka trú þarf ekki að efast um að þótt nú sé kannski dapur laugardagur kemur á morgun sunnudagur þar sem sigrarnir vinnast.

Gleðilega páska.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Eggjð eða hænann?

Vandamál ríkisstjórnarinnar er að mínu mati Jóhanna Sigurðardóttir sjálf. Þannig tók Jón Bjarnason, fyrrverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðgjafi, til orða í viðtali við Ríkissjónvarpið á fimmtudag í síðustu viku. Fremur óvanalegt er að áhrifamaður í ríkisstjórnarflokki lýsi stöðu ríkisstjórnar á þennan veg.

Hafa verður í huga að ummælin voru viðbrögð við þeim orðum forsætisráðherra á Alþingi fyrir sama dag að ógöngur ríkisstjórnarinnar skrifuðust alfarið á reikning Jóns Bjarnasonar. Stjórnmalafraeðingum gæti reynt jafn örðugt að leysa þá gátu hvort þeirra hefur rétt fyrir sér eins og rökfræðingum hefur reynt að svara því



ÞORSTEINN PÁLSSON

hvort hafi komið á undan eggjð eða hænann. En um ógöngurnar deila samherjarnir ekki og þjóðin ekki við þá.

Í byrjun stjórnarsamstarfsins var svokölluð órólega deild í VG til stöðugra vandræða. Eftir að þeir þingmenn sögðu skilið við þingflokkinn var sett fram sú tilgáta að vandræði ríkisstjórnarinnar gætu færst til og óróleg deild myndast í Samfylkingunni. Jón Bjarnason virðist telja að sú hafi orðið raunin og forsætisráðherra leiki þar aðalhlutverk.

Frjálslyndari armur Samfylkingarinnar var ráðandi í flokknum framan af. Jóhanna Sigurðardóttir hefur smám saman treyst stöðu sína og tryggt vinstri arminum undirtökin. Á sama tíma varð það Steingrími Sigfússyni til happs að órólega deildin í hans flokki missti fótanna. Þetta er helsta ástæðan fyrir því að Samfylkingin minnir nú á VG þegar órólega deildin þar hafði gert flokkinn nær ósamstarfsþæfan.

Hnútukast Jóhönnu Sigurðardóttur og Jóns Bjarnasonar sýndi ágætlega þessa athyglisverðu breytingu. En um leið kallar það á frekari greiningu á því hvers vegna stjórninni hefur fastast flugið í fylgiskönnunum.

Vonir og vonbrigði

Saða þjóðarbúskaparins ræður jafnan mestu um gengi ríkisstjórna. Samstaða og sundurlyndi skipta einnig máli. Í tilvikum þessarar stjórnar er þó eins og fallandi gengi ekki síður skrifa á brostnar vonir um málefnalega stjórnmalumræðu og bætt pólitískt siðferði.

Trúlega hefur engin íslensk ríkisstjórn lagt af stað með háleitari hugsjónir og gefið jafn skýr fyrirheit um bætt siðferði og ábyrga málefnalega umræðu. Þetta var það sem þjóðin þráði eftir hrun gjaldmiðilsins og bankanna. Það

voru loforð um þessi umskipti sem gáfu ríkisstjórninni byr í seglin í byrjun miklu fremur en trú fólksins á að hún réði við efnahagsvandann.

Þegar miklar vonir eru vaktar hjá kjósendum og fyrirheitin ganga ekki eftir verða vonbrigðin oft meiri en verið hefði ef meiri hófsemi í orðum hefði ráðið í byrjun. Þegar stjórnmalumræðan er borin saman við gagnrýni stjórnarflokka á núverandi stjórnarandstöðu þegar hún fór með völdin er skiljanlegt að margir kjósendur líti svo á að lítið hafi breyst. Fordómar sem birtast í slag-

orðum eins og ságreifar og gjafakvóti virðast til að mynda ráða meir stefnumörkun í sjávarútvegsmálum en skýrar hugsjónir. Umfjöllun um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins lýsa fremur tæknilegri lagni við að skjóta sér undan ábyrgð á því að hafa skoðanir en fastmótuðum og málefnalegum röksemdum fyrir breytingum. Umræðan snýst því upp í karp og upphrópanir. Það virkar aftur á kjósendur eins og stjórnarflokarnir séu ekki trúir þeim miklu fyrirheitum um bætt umræðumenningu sem þeir sannarlega gáfu.

Stjórnuhrap

Í þessu samhengi er einnig rétt að hafa í huga að við upphaf stjórnarsamstarfsins þótti enginn líklegri til að lyfta pólitísku siðferði á hærra plan en Jóhanna Sigurðardóttir. Hluti af vanda ríkisstjórnarinnar felst í því að mörgum finnst nú eins og stjarna hafi hrapað.

Ýmis mál hafa smám saman breytt þessari mynd. Landsdómsmálið hefur sennilega átt einna stærstan þátt í þeirri breytingu.

Það þótti almennt bera vott um tvöfalt síðgæði að skjóta ráðherrum Samfylkingarinnar í skjól en ákæra Geir Haarde.

Sumir stuðningsmenn stjórnarinnar telja þrátt fyrir allt að stjórnmalalegt siðferði hafi batnað. Stjórnarandstöðingar telja aftur á móti að fleiri siðferðilegar brotalamir megi finna nú en áður. En stærsti vandi ríkisstjórnarinnar að þessu leyti gæti þó verið sá að flestum finnst að allt sé meira

og minna við sama heygarðshornið.

Þannig skýra vonbrigði fremur fallandi gengi ríkisstjórnarinnar en vaxandi trú á stjórnarandstöðuna. En ofmælt er hjá Jóni Bjarnasyni að forsætisráðherra sé allur vandi ríkisstjórnarinnar. Sennilega mun hún þó á endanum tapa mest á þrasetu eftir að í blindgötu var komið. Það hefur aldrei gefist vel og lýsir skorti á ábyrgð sem talsverð spurn er eftir.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald
 RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
 Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

MALLORCA
 solareyjan sem hefur allt!

tilboð

Aparthotel Maracaibo ★★
 Flug + gisting í 7 nætur
 Verð frá: **75.900 kr.***

á manni m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð frá 89.900 kr.
 á manni m.v. 2 fullorðna.
 Brottför: 22. maí - 7 nætur.

plús FERDIR

Bókaðu núna á plusferdir.is! www.plusferdir.is

Afsláttur allan hringinn

með ÓB-lyklinum



Sæktu um lykil núna á ob.is



1. Séráflættir (-10 kr. í fyrsta skipti, -10 kr. á afmælisdaginn og -15 kr. í 10. hvert skipti) koma ekki til viðbótar við aðra afslætti eða önnur viðskiptakjör. Nánar á ob.is.
2. Til að safna Vildarpunktum Icelandair þarf lykillinn að vera tengdur við Visa eða American Express Vildarkort Icelandair. Einnig er hægt að tengja lykillinn Viðskiptakorti Olís og safna Vildarpunktum. Punktasófnun er 1,5% af upphæð, sem gerir um 4 kr. í formi Vildarpunkta Icelandair.



Góð heilsa bætir lífi við árin

Heilbrigðismál

Guðbjartur Hannesson
velferðarráðgjafi



Þann 7. apríl ár hvert heldur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) stofndag sinn hátíðlegan með því að vekja athygli á tilteknu mikilvægu heilbrigðismáli. Að þessu sinni hvetur stofnunin til þess að allir hugi að eigin heilsu undir kjörorðinu – Góð heilsa bætir lífi við árin. Sífelld fleiri ná hárrí

elli en aukin þekking og framfarir hafa orðið til þess að mannkyninu hefur tekist að bæta árum við lífið. Öldruðum fer fjölgandi og því er brýn þörf á að vekja athygli á mál-efnum aldraðra og aðgerðum sem bæta lífi við árin.

Aukið langlífi er fagnaðarefni en ekki neikvætt fyrirbrigði og fólk á ekki að bera skarðan hlut frá borði aldurs síns vegna. Stofnunin býður því þjóðum heims að taka sameiginlega þátt í að vekja athygli á framlagi eldri borgara til samfélagsins og vinna gegn aldursfordómum. Með þekkingu að vopni er hægt að vinna gegn neikvæðum staðalí-

myndum. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin bendir á að rannsóknir sýna að andleg og líkamleg hnignun vegna aldurs er oft mun minni en haldið er fram og bendir meðal annars á að nýlega hafi einstaklingur hlaupið heilt maraþon fyrir sturmannna yfir tírætt.

Aldraðir gegna veigamiklu hlutverki í samfélaginu en oft virðist lítið framhjá því framlagi sem felst meðal annars í umönnun annarra, svo sem eigin foreldra, maka, barna eða barnabarna. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin bendir á að eftir hamfarirnar í Japan 2011 voru það aldraðir sem buðu fram aðstoð sína

á svæðinu sem varð fyrir geislun þar sem þeir höfðu minni áhyggjur af langtímaáhrifum geislavirkinnar en þeir sem yngri voru.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin er ekki ein um að beina kastljósinu að málafnum aldraðra í ár því Evrópusambandið hefur tileinkað árið virkni aldraðra og samstöðu kynslóða og tekur Ísland þátt í Evrópuárinu. Evrópuárinu er ætlað að opna augu almennings fyrir framlagi eldri fólks til samfélagsins og snýst umræðan um það hvernig skapa megi tækifæri til að auka virkni eldri borgara og efla samstöðu kynslóðanna. Alþjóða-

heilbrigðismálastofnunin leggur áherslu á þrjá þætti sem eru mikilvægir fyrir virkni aldraðra, það er heilsu, þátttöku og öryggi. Er þá átt við það að fólk nái að eldast við góða líkamlega, andlega og félagslega heilsu, að það hafi tækifæri til þátttöku í samfélaginu án mismununar og í samræmi við óskir, þarfir og getu hvers og eins og að því verði tryggð fullnægjandi vernd, umhyggja og öryggi í samfélaginu. Góð heilsa er gulli betri eins og máltakið segir og því mikilvægt að huga vel að heilsunni til að eiga frekari möguleika á að vera virk á efri árum og við góða heilsu.

Ársfundur VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs

fimmtudag 12. apríl 2012, kl. 8.00 – 12.00
í salnum Norðurljós, á annarri hæð í Hörpu



Dagskrá

Morgunverðarfundur með fyrirlestrum

- 8:00 – 8:15 Morgunverður
- 8:15 – 8:30 Ávarp: Guðbjartur Hannesson, velferðarráðgjafi
- 8:30 – 9:30 VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður: Staðan og framtíðin
Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs fer yfir starfseminu á liðnu ári og gerir grein fyrir áherslum og verkefnum til framtíðar
- 9:30 – 10:30 Kulnun og síþreyta á vinnustöðum, forvarnir og starfsendurhæfing
Ingibjörg H. Jónsdóttir prófessor við Institute of Stress Medicine í Gautaborg fjallar um reynslu og niðurstöður nýjustu rannsókna varðandi forvarnir og starfsendurhæfingu vegna kulnunar og síþreytu
- 10:30 – 11:00 Kaffi

Hefðbundin ársfundarstörf

11:00 – 12:00 Hefðbundin ársfundarstörf samkvæmt skipulagsskrá:

- Skýrsla stjórnar
- Ársreikningur liðins árs
- Breytingar á skipulagsskrá
- Tilkynning um skipan stjórnar
- Kosning endurskoðenda
- Önnur mál

Kl. 12:00 Fundarlok

Ársfundurinn er öllum opin

Mögulegt er að taka einungis þátt í fyrri hlutanum þar sem boðið er upp á fræðandi erindi

Nauðsynlegt er að skrá þátttöku á heimasíðu VIRK www.virk.is
Bein slóð á skráningarsíðu er: <http://virk.is/arsfundur>



www.virk.is

Brot úr sögu Neytendasamtakanna

Neytendamál

Jóhannes Gunnarsson
formaður
Neytendasamtakanna



Á næsta ári eru liðin 60 ár frá stofnun Neytendasamtakanna en þau eru þriðju elstu neytendasamtök í heiminum. Það var framsýnt fólk sem stóð að stofnun samtakanna á sínum tíma og að öðrum óstöðum fór Sveinn Ásgeirsson hagfræðingur þar fremstur í flokki. Neytendasamtökin hafa í gegnum tíðina haft afskipti af ótal málum sem varða hagsmuni neytenda og er hér tæpt á nokkrum þeirra.

Hvile vask-málið

Fyrst skal nefnt til sögunnar svokallað Hvile vask-mál sem kom upp á fyrsta starfsári samtakanna. Þvottaefnið Hvile vask var auglýst í útvarpinu á eftirfarandi hátt: „Gerðu þvottadaginn að hvíldardegi! Notið Hvile vask.“ Neytendasamtökin létu efnagreina þvottaefnið og var niðurstaðan sú

flutningur á kartöflum og öðru grænmeti yrði gefinn frjáls. Þrátt fyrir að undirskriftalistar lægju aðeins frammi í verslunum í þrjá daga skrifuðu 20 þúsund neytendur undir þessar kröfur. Voru þær afhentar þáverandi landbúnaðarráðgjafi, Jóni Helgasyni, sem tók þeim fálega. Eftir fund sem forystumenn Neytendasamtakanna áttu með þáverandi forsætisráðgjafi, Steingrími Hermannssyni, var breytingum lofað. Í framhaldinu var svo einokun á innflutningi lögð af og í kjölfarið var Grænmetisverslun landbúnaðarins lögð niður. Finnsku kartöflurnar urðu þannig banabiti þeirrar einokunar sem ríkt hafði á þessu sviði.

Tómötum hent á haugana

Mikil umræða var um svipað leyti þegar upp komst að framleiðendur tómata hentu tómötum í stórum stíl á haugana til að halda uppi verði. Neytendasamtökin mótmæltu harðlega og lögðu áherslu á að verð yrði frekar lækkað og þannig hvatt til aukinnar neyslu. Framleiðendur féllust á að reyna þetta og jókst salan mikið í kjölfarið. Það þurfti því ekki lengur

“Framleiðendur högnuðust af meiri sölu og neytendur fengu vöruna á lægra verði og því græddu báðir.

að hér var ekkert undraefni á ferðinni. Þvottaefnið innihélt einfaldlega óvenjumikið bleikiefni þannig að þvotturinn varð eðlilega hvítari. Gallinn var hins vegar sá að slit á þvottinum var meira en eðlilegt gat talist. Samtökin sendu í kjölfarið frá sér fréttatilkynningu þar sem niðurstöðurnar voru kynntar og dróst salan mikið saman í kjölfarið. Innflytjandinn krafðist þess að Neytendasamtökin drægju yfirlýsingu sína til baka ella myndi hann stefna samtökunum. Á þetta féllust samtökin ekki og höfðu innflytjandinn þá mál. Neytendasamtökin töpuðu málinu í undirrætti en áfrýjuðu málinu til Hæstaréttar. Með mikilli gagnasöfnun, m.a. í nágrannalöndunum, unnu Neytendasamtökin síðan málið fyrir Hæstarétti og hvarf þá þetta þvottaefni fljótlega af markaði.

að henda tómötunum því neytendur borðuðu þá af bestu lyst. Framleiðendur högnuðust af meiri sölu og neytendur fengu vöruna á lægra verði og því græddu báðir.

Samráð olíufélaganna

Loks skal hér nefnt til sögunnar nýlegt mál í framhaldi af uppljóstrun samkeppnisyfirlitvalda á samráði olíufélaganna sem staðið hafði frá árinu 1993 og þar til húsleit var gerð hjá þeim í lok árs 2001. Neytendasamtökin töldu einsýnt að með samráðinu hefðu olíufélögin valdið neytendum tjóni. Því var ákveðið að hvetja þá neytendur sem gátu með kvittunum sýnt fram á viðskipti sín við olíufélögin á því tímabili sem samráðið stóð yfir, að koma með kvittanir á skrifstofu samtakanna. Í framhaldi af því var ákveðið að höfða prófmál fyrir neytanda sem vannst fyrir héraðsdómi og sem staðfestur var af Hæstarétti. Í kjölfar þessa var svo gert samkomulag við olíufélögin um að þau myndu með sama hætti bæta öðrum sem orðið höfðu fyrir tjóni og lagt fram kvittanir til Neytendasamtakanna. Þessi dómur og samkomulagið í kjölfar hans markar tímamót enda vitum við ekki af sambærilegu máli í nágrannalöndum okkar. Um leið er dómurinn viðvörðun til markaðarins því ef fyrirtæki valda neytendum tjóni með háttalagi sínu getur það átt von á málsókn. Ný lög um hópmálsókn einfalda málin ef slík atvik koma upp.

Óætar kartöflur

Á árum áður hafði Grænmetisverslun landbúnaðarins einokun á innflutningi á grænmeti og kartöflum þegar innlend framleiðsla annaði ekki eftirspurn. Oftar en ekki höfðu verið fluttar inn kartöflur sem vart töldust mannamat. Á vordögum árið 1984 flutti Grænmetisverslunin inn kartöflur frá Finnlandi sem voru sýktar og að mestu leyti óætar. Nú var þolinmæði neytenda á þrotum og mikil óánægja braust út. Neytendasamtökin ákváðu að standa fyrir undirskriftasöfnun meðal neytenda þar sem krafist var að inn-



KYNNIR

FAGRABERG



ÍBÚÐIRNAR VERÐA TILBÚNAR
TIL AFHENDINGAR Í NÓVEMBER!

Allar nánari
upplýsingar á
www.fagrabergr.is

GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR FYRIR ELDRI BORGARA

Hólaberg 84, Reykjavík

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni kynnr byggingu 49 þjónustuíbúða að Hólabergi 84 í Reykjavík. Íbúðirnar verða tengdar við Menningarmiðstöðina Gerðuberg þar sem mikið og öflugt félagslíf er fyrir eldri borgara. Að auki er bókasafn staðsett í Gerðubergi sem og mötuneyti.

Í nánasta umhverfi Gerðubergs er heilsugæsla, tannlæknastofa, bakarí, Fella- og Hólakirkja auk þess sem Breiðholtslaug er hinum megin götunnar.

Verð frá:

65 fm íbúð, stæði í bílakjallara
22.292.000,- kr.*

90 fm íbúð, stæði í bílakjallara
30.085.000,- kr.*

* Verð miðast við byggingavísitölu í apríl 2012.



Húsið stendur að Hólabergi 84, mitt á milli menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs og Fella- og Hólakirkju.



Samspil birtu, gróðurs og set-bekkja gefur rýminu keim af göngugötu.



Innigangur með létttri gler-yfirbyggingu veitir skjól og hleypir birtu inn í rýmið á öllum hæðum.



Stutt er í gönguleiðir í Víðidalnum ásamt því að öll helsta þjónusta er í göngufæri við íbúðirnar.



Söluaðili: Byr fasteignasala
Sími: 483 5800 - www.byrfasteign.is



Byggingaraðili:
Sveinbjörn Sigurðsson hf.

www.fagrabergr.is

Fjölhyggjan og samfélagssáttmálinn

Samfélagsmál

Anna Sigríður Pálsdóttir
Arnfríður Guðmundsdóttir
Baldur Kristjánsson
Hjalti Hugason
Sigrún Óskarsdóttir
Sólveig Anna Bóasdóttir
guðfræðingar

Í umræðum um vaxandi fjölhyggju heyrst oft: Leyfum fjölmenningu en stöndum vörð um kristna trú okkar.

Einn kandidata í fyrri umferð biskupskjörs nú fyrir skömmu orðaði þessa hugsun þannig: „Múslimar eiga að fá leyfi til að reisa mosku á Íslandi, en við eigum að standa vörð um að hér ríki kristinn siður. Að samfélagssáttmálinn sé kristinn.“

Ekki kemur á óvart þó að biskupskandidat í kristinni kirkju

orði hugsun sína með þessum hætti.

„Við“ og þau

Afstaða sem þessi vekur engu að síður upp margvíslegar spurningar.

Hver eru þessi „við“ sem ætla að standa vörð um sameiginlegan sið? Hvar er víglínan dregin? Að leyfa fjölmenningu en aðeins upp að vissu marki, fjölmenningu með kristnu ankeri? Á þá að velja fólk til landsins eftir trú þess? Hvað

gerist ef meirihluti íbúa verður annarrar trúar en kristinn? Á þá gamall kristinn valdakjarni að ráða? Er „rétt“ trú ef til vill það sem skiptir öllu máli? Grípum við þá til vopna ef um allt þrýtur?

Siðurinn og stjórnarskráin

Ein aðferðin sem „við“ getum notað til að standa vörð um einingu siðar og samfélagssáttmála er að binda í stjórnarskrá að hér skuli ríkja kristinn siður.

Þetta var látið ógert þegar stjórnarskrá okkar var sett. Þá var þó tekið mið af ríkjandi aðstæðum að danskri fyrirmynd og kveðið á um að trúarlega hlutlausu ríkisvald skyldi styðja og vernda trú meirihlutans. Snemma kom hverfulleiki slíks ákvæðis í ljós og var þá búið svo um hnútana að auðveldara væri að breyta þessu en öðru í stjórnarskránni.

Einkenni fjölmenningar

Fjölmenningsamfélag gengur út á að fólk geti iðkað sína trú, að við séum öll jöfn fyrir þeim reglum sem um trúariðkun fjalla líkt og öðrum reglum í samfélaginu.

Þetta jafnræði nær einnig til þess hverjum er hleypt inn í evrópskt land eins og kveðið er á um í sáttmálum sem við deilum með öðrum Evrópuríkjum.

Það er með öðrum orðum engin „við“ sem getum ákveðið „siðinn“. Það ríkir enginn allsherjar siður. Þó að játendur einnar trúar séu fjölmennari en aðrir á það ekki að gefa nein forrétindi frekar en það að teljast kristinn trúar gefi sjálfkrafa forskot þegar kemur að náð Guðs eða eilífri sælu.

Fari svo að iðkendur annarra

trúarbragða verði fleiri en iðkendur kristni þýðir það heldur ekki að þjóðfélagssáttmálinn skipti um trúarbrögð.

Samfélagssáttmálinn snýst um umburðarlyndi og jafnan rétt. Það eitt samrýmist lýðræðislegu samfélagi en það hlýtur fjölmenningsamfélag eðli sínu samkvæmt að vera.

Menning og trú

Menning eins samfélags getur vissulega verið kristin eða einhverrar annarar trúar.

Menning okkar er þannig mótuð af kristnum gildum og táknum. Orðfæri okkar er um margt biblíulegt. Hugsun okkar er óhjákvæmilega mótuð af því að við höfum jatað trú á Krist í 1000 ár.

Þetta þýðir ekki að menning okkar verði alltaf jafnmótuð í kristinn búning og hún er nú. Eftir 100 ár verður hún efaust mótuð af miklu meiri margbreytileika. Þegar um íslam er að ræða ber þess og að gæta að sú trú á sér rætur í kristni og felur um margt í sér sameiginlega hugsun og grundvallarviðmið.

Lifandi orð!

Sumum kann að virðast sem þrengt sé að ríkjandi sið í landinu í þessari grein. Það er ekki ætlun okkar.

Trúfrelsi og fjölmennung er ekki ógn heldur opið tækifæri sem kristin kirkja hefur staðið frammi fyrir áður og lifað af. Þeim boðskap sem páskahátíðin boðar innan núverandi byggðarsvæða þar sem mikil atvinnustarfsemi er og byggja íbúðarhúsnæði þar í staðinn. Þetta leiðir til blöndunar og íbúðir færast nær vinnu- og þjónustustöðum, sem minnkar akstur. Sérstaklega mundi það draga úr akstri ef íbúðarsvæði væri byggt í nágrenni við stóra vinnustaði, þar sem búseturéttur væri tengdur vinnustaðnum. Af slíkum stórum vinnustöðum má nefna Landspítalann, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.

Með ofangreindum aðgerð-



Sjálfbært borgarskipulag

Skipulagsmál

Trausti Valsson

prófessor við umhverfis- og byggingarverkfræðideild HÍ



Aðferðir og sjónarmið sem tengjast sjálfbærni í borgarskipulagi eru í sókn. Bíl-miðað skipulag er talið dýrasta tegund skipulags, einkum vegna þess að með því verður byggðin mjög dreifð og vegalengdir miklar. Allt sem leiðir til hás stofn- og rekstrararkostnaðar telst óhagkvæmt og því óvistvænt eða jafnvel ósjálfbært. Mest áberandi í umræðunni erlendis er að bílaborgir nota

Óskun um að búa miðlægt hefur því sótt á. Á miðlægum svæðum hefur fasteignaverð þvi hækkað verulega, enda eru þetta takmörkuð svæði. Pláss er þó hægt að skapa með því að útrýma óþrifaðlegri starfsemi innan núverandi byggðarsvæða þar sem mikil atvinnustarfsemi er og byggja íbúðarhúsnæði þar í staðinn. Þetta leiðir til blöndunar og íbúðir færast nær vinnu- og þjónustustöðum, sem minnkar akstur. Sérstaklega mundi það draga úr akstri ef íbúðarsvæði væri byggt í nágrenni við stóra vinnustaði, þar sem búseturéttur væri tengdur vinnustaðnum. Af slíkum stórum vinnustöðum má nefna Landspítalann, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.

Með ofangreindum aðgerð-

Hægt er að fækka bílastæðum, þ.e.a.s ef fólk getur t.d. gengið eða hjólað í vinnuna. Sparnaðurinn sem verður er í...

meira jarðefnaeldsneyti en borgir t.d. með góðu lestakerfi. Brennsla jarðefnaeldsneytis skapar gróðurhúsalofttegundir og leiðir víða til mikillar mengunar.

Á höfuðborgarsvæðinu eru menn ekki með eins miklar áhyggjur af mengunarpættinum enda er svæðið hitað með jarðvarma og geysidreift, og vindar miklir sem feykja miklu af loftmenguninni í burt. Einnig telja flestir Íslendingar að mengunarlitlir orkugjafar, svo sem metan, etanol, vetni og rafmagn, muni fljótleiga taka við. En sem stendur er bílaskipulagið á höfuðborgarsvæðinu í miklum vanda – og setur íbúana í mikinn vanda – vegna hækkunar bensinverðs og lélegri efnahags. Margir veigra sér því við löngum akstursleiðum, t.d. til og frá úthverfunum, og vilja frekar búa miðlægt.

um mundi umferð á Miklubraut minnka svo mjög að líklega mætti komast hjá kostnaðarsömum umbótum á henni og öðrum umferðarmannvirkjum til vesturhluta Reykjavíkur. Í dag eru bílastæði oftast bæði við heimili og vinnustað. Hægt er að fækka bílastæðum, þ.e.a.s. ef fólk getur t.d. gengið eða hjólað í vinnuna. Sparnaðurinn sem verður er í bílakstri, umferðarmannvirkjum, bílastæðum sem og í tíma og fjármunum fólks.

Annar stór ávinningur er bætt heilsa sem verður með aukinni útivist og hreyfingu. Stór ávinningur er líka meiri þéttleiki borgarsvæða, sem gerir rekstur t.d. strætisvagnanna hagkvæmari og betri grundvöllur fæst fyrir þjónustustarfsemi og götulíf er tengist jafnan gangandi umferð.

Laaaaaaangbestar?



Mörgum finnst Superfries vera laaaangbestu frönskurnar og þær eru nú betri en nokkru sinni áður. Sérvaldar kartöflur, steiktar í repjuolíu og kryddaðar með sjávarsalti. Prófaðu núna!



101 REYKJAVÍK

Hæsta íbúðahús landsins, glæsilegar útsýnisíbúðir,
sjávarsýn og suðursvalir væntanlegt í sölu



Börn eru eðlilegur hluti af lífinu

Elísabet Ronaldsdóttir er einn þekktasti klippari landsins, hlaut meðal annars Edduverðlaunin fyrir klippingu sína á Þór – Hetjur Valhallar. Elísabet er óhrædd við að fara eigin leiðir, hefur sjálfstæðar skoðanir og óhefðbundinn lífsstíl. *Friðrika Benónýsdóttir* ræddi við Elísabetu um ævintýralegan feril og óhefðbundið fjölskyldulíf í Reykjavík, Singapúr og New Orleans.

Það er nú saga að segja frá því,“ segir Elísabet Ronaldsdóttir spurð hvað hafi valdið því að hún fór að klippa kvikmyndir. „Ég hafði áhuga á kvikmyndatöku og fór í nám úti í London þar sem ég einbeitti mér að henni. En málið er að ég á svo mikið af börnum. Ef þú ert með barn sem fær allt í einu í eyrun þá hringirðu ekkert í sjöttu manna tökulið sem bíður eftir tökumanninum og segist ekki komast í vinnuna í dag. Það var ein af ástæðunum fyrir því að ég fór inn í klippiherbergið en það kom fleira til. Ég var að vinna sem aðstoðarmaður tökumanns orðin ólétt af Sindra mínum sem er nítján ára í dag og stjórnunum leist ekkert á að ég væri að klifra með ljós og annað svona háólétt þannig að ég var sett í að klippa og hef klippi síðan. Þó vinnutíminn sé langur á ég auðveldara með að stjórna tíma mínum auk þess sem það að vinna við söguuppbyggingu og ryþma hentar mér mjög vel. Svo finnst mér gott að geta lokað mig af í eigin heimi og farið inn í söguna. Þannig að ég fann mig í klippiherberginu.“

Þú ert samt mjög félagslynd, hví viltu vinna ein? „Ég er svona sósíal einfari. Ég trúi á það góða í fólki og finnst mjög gaman að því, eins og ég get nú þolað það illa stundum. Ég hef líka gaman af því að tala, ekki síst um sjálfa mig, og er, eins og svo margir aðrir, stöðugt að reyna að komast að því hver ég er og af hverju ég sé svona en ekki hinsegin. Þetta er náttúrulega viss tegund af sjálfsdýrkun, en ég held við séum öll haldin henni. Við höfum öll áhuga á að komast að því hvað það er sem fær okkur til að tikka. Ég vona allavega að ég sé ekkert öfgafullt dæmi. En ég verð að geta dregið mig í hlé. Ein og einangruð kemst ég á flug og skila mestu af mér.“

Fyrsta íslenska myndin í fullri lengd sem Elísabet klippi var Dagsverk, heimildarmynd Kára Schram um Dag Sigurðarson skáld. Eftir það lá leiðin til Norðurlandanna. „Ég flutti til Svíþjóðar en var að vinna í Danmörku bæði sem verk-taki við að klippa kvikmyndir og heimildarmyndir og hjá TV 3 við það að klippa fréttir. Það er besti skóli sem ég hef verið í. Í fréttunum ertu að segja sögur og verður að segja þær hratt og vel í knöppu formi en koma samt öllum aðalatriðum til skila. Þetta varð stundum ótrúlega fyndið því ég var alls ekki talandi á dönsku. Fyrstu mánuðina gat ég ekki einu sinni tekið þátt í samræðum. Þær voru undarlegar í mínum eyrum: „amma mín er græn geimvera með rautt hár“ heyrðist mér fólk kannski segja og átti auðvitað engin svör við svoliðis fullyrðingum. Þrátt fyrir það brilleraði ég sem fréttaklippari og er svei mér þá goðsögn á fréttastofunni enn í dag. Þarna var ég í ár en fékk þá leikna mynd í fullri lengd til að klippa og fór í það. Stofnaði eigið fyrirtæki og boltinn fór að rúlla. Stundum hægt og skrykkjótt og fyrirtækið lagðist á hliðina en þetta gekk og gengur enn. Ég er bara mjög sátt.“

Frá Singapúr til New Orleans

Fyrir einu og hálfu ári tók Elísabet sig upp og flutti með alla fjölskylduna – þrjú börn, kærustu táningssonarins og kennslukonu yngri barnanna – til Singapúr þar sem hún fór að kenna klippingu við kvikmyndaskóla. Hvernig vildi það til? „Eftir hrúnið helltist yfir mig einhver skelfing. Ég var alveg sannfærð um að hér færi allt til andskotans. Mér leið eins og innrásin frá Mars væri yfirvofandi og börnin í hættu. Eitt kvöldið fæ ég svo facebook-skilaboð frá Gísla Snæ Erlingssyni, sem er skólastjóri kvikmyndaskóla í Singapúr, þar sem hann býður mér að koma



SÓSÍAL EINFARI „Ég verð að geta dregið mig í hlé. Ein og einangruð kemst ég á flug og skila mestu af mér,“ segir Elísabet Ronaldsdóttir klippari.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

og kenna hjá sér. Þetta kom algjörlega úr lausu lofti, ég þekkti Gísla ekki neitt, en ég held það hafi tekið mig tíu mínútur að taka ákvörðun og svara að ég tæki tilboðinu. Tilfinningin var sú að þetta væri mitt tækifæri til að koma börnunum í skjól. Innan við mánuði seinna var ég komin með atvinnuleyfi og passa, búin að tæma íbúðina til að leigja hana og sat í flugvél á leiðinni til Singapúr. Alveg í sjokki yfir því hvern fjandann ég væri eiginlega búin að koma mér og mínum út í.

Singapúr er dásamlegur staður,

besta lýsingin á borginni sem ég hef heyrt er „Disneyland with a death sentence“. Þar er allt mjög óraunverulegt. Túrístahlutinn er fáránlega áhrifur og „kits“ en um leið og þú kemur út fyrir hann labbarðu inn í annan gjörólíkan heim. Við komum úr lítilli íbúð í Vesturbænum í þessa fínu íbúð með fimmtíu fermetra sundlaug í garðinum. Þetta var alveg súrealískt. Krakkarnir elskuðu þetta. Þau voru í stöðugum vettvangsferðum, þeim var kennt heima og þau voru í skype-sambandi við bekkina sína í Vesturbæjarskólun-

um. Ég var hins vegar að bögglast við að vera góður kennari, sem ég er ekkert viss um að ég sé, en ég get allavega hrifið fólk með mér. Þetta var ný reynsla fyrir mig og stór hluti í púslíð mitt um það hver ég sé eiginlega. Komst til dæmis að því að ég átti ótrúlega erfitt með einföldustu hluti, eins og til dæmis að halda kladda og gefa einkunnir, en þetta hafðist allt og var mjög góður skóli fyrir mig.“

Singapúrdrölin varð þó styttri en til stóð þar sem Elísabetu barst tilboð um að koma til New Orleans

og klippa kvikmynd Baltasars Kormáks, Contraband. „Sem betur fer var ég ekki með fastan samning við skólann heldur enn á sex mánaða reynslutíma og var studd dyggilega af Gísla svo ég gat fengið mig lausa án vesens. Það var verið að bjóða mér samning við Universal og Working Title, það er ekki hægt að segja nei við því. Þannig að ég tók mig upp aftur og flaug til New Orleans með mitt „entourage“ eins og ég kallaði það og við vorum bara allt í einu farin að búa í New Orleans. Þar vorum við fram á vor.

Þá tók við dásamleg búseta á Hofi í Skagafirði þar sem ég hélt áfram að klippa meðan krakkarnir fóru til pabba síns og kláruðu skólaárið. Síðan var haldið til London ásamt barnapíu þar sem við vorum allt sumarið á meðan ég kláraði að klippa Contrabandið.“

Börn eðlilegur hluti af lífinu

Einstæð móðir með börn á flakki heimshornanna á milli, hvernig gengur þetta upp? „Það er kannski svolítið barnalegt en ég trúir því að ef maður er tilbúinn og leggur sig fram þá bara gangi hlutirnir upp. Það fellur allt á réttan stað. Þar hjálpar athyglisbresturinn mér líka. Ég gleymi að velja mér upp úr því sem gæti hugsanlega farið úrskeiðis. Ég tek bara ákvörðun og læt hana ganga upp. En auðvitað væri þetta ekki hægt án góðrar hjálpar. Yngri krakkarnir eiga föður sem sinnir þeim líka og þar fyrir utan á ég mjög góða fjölskyldu sem styður mig í öllu sem ég geri. Mamma og pabbi búa reyndar í öðru landi þannig að þau eru ekki til taks dagsdaglega, en þau hlaupa undir bagga með öðrum hætti. Þar fyrir utan er það mín lífsþerapía að börn eru eðlilegur hluti af lífinu. Þau eru ekki aðskotahlutir. Þau geta tekið þátt í öllu sem maður gerir á meðan maður er ekki að setja þau í hættu. Þegar ég eignaðist elsta son minn var ég að klára Kvennaskólann og tók hann bara með mér í skólann. Aðalsteinn skólastjóri passaði hann meira að segja einu sinni á meðan ég var í prófi. Sindri klippti með mér Dagsverk. Í Danmörku var Birta alltaf í poka framan á maganum á mér að vinna hin ýmsu verkefni. Bransinn í Danmörku þekkti hana og allir tóku þessu sem sjálf-sögðum hlut. Fólki er nefnilega í eðli sínu jákvætt og hjálpsamt. Það hljómar væmið en það er alveg satt. Ég hef aldrei – sjö, níu, þrettán – orðið vör við neikvæð viðhorf gagnvart því að ég hafi börnin með mér. Það eru allir af vilja gerðir og margir til að létta undir með manni. Þessu gleymir fólk svo oft. Auðvitað verður það sama að gilda í allar áttir. Maður verður sjálfur að vera tilbúinn að hjálpa öðrum. Við erum alltaf að fókusera á það neikvæða en mín reynsla er sú að fólk sé upp til hópa velviljað. Mér finnst mjög mikilvægt að þetta gleymist ekki. Auðvitað hefur þetta ekki alltaf verið auðvelt og ég er alveg jafnilla haldin af sektarkennd og allar aðrar mæður, en í stórum dráttum hefur þetta gengið alveg ótrúlega vel. Það má heldur ekki gleymast að það eru mikil forréttindi að fá að skoða heiminn, líka fyrir börn. Ég sefa stundum samvisskubitið með því að minna mig á það.“

Eitt af því sem einkennir Elísabetu er sterk réttlætiskennnd. Hún segist hafa efni á að láta það eftir sér að rækta hana. „Ég kem úr svo öruggu umhverfi og ég held því fram fullum fetum að þessi sterka réttlætiskennnd komi af því að ég lifi á svo tryggum grunni. Ég er alltaf studd af allri fjölskyldunni, foreldrum, systkinum, ömmum og öfum, þetta er öflugt öryggisnet og með það á bak við sig er auðvelt að hafa réttlætiskennnd. Ég hef aldrei þurft að horfa fram hjá því ef brotið er á mér til þess eins að lifa af. Mamma og pabbi hafa alltaf sagt að ef allt færi til fjandans hjá mér gæti ég bara flutt heim aftur og ef það er það versta sem getur hent þig þá er maður dálítið ósnertanlegur, ekki satt?“

Umboðsmaðurinn í Ameríku

Hvað er svo fram undan? „Nú er ég með amerískan umboðsmann sem sér um mín mál og það lítur allt mjög vel út. Það er mikill léttir fyrir konu eins og mig sem getur ekki sagt nei. Nú get ég bara verið díva og sagt: „Ég bara veit það ekki, „talk to my agent“.“ Svo er ég að vinna handrit með Aldísi Baldvinsdóttur og er óskaplega spennit fyrir því verkefni. Þetta er stór og mikil saga og verður vonandi merk bíómynd. Ég hef þó ekki áhuga á að leikstýra henni sjálf. Er ekkert viss um að það sé mitt svið. Ég held það hafi verið mitt lán að ég lenti í klippiherberginu. Mér finnst enn þá alveg óskaplega gaman að vinnunni minni og finnst ég mjög heppin manneskja.“

MYNDIR SEM ELÍSABET HEFUR KLIPPT

- | | |
|---|---|
| 2012 Contraband | 2004 Æresdrab - en tyrkisk tragedie (heimildarmynd fyrir sjónvarp) |
| 2011 Hetjur Valhallar - Þór | 2003 Njálssaga (sjónvarpsmynd) |
| 2010 Sumarlandið | 2003 Váben til salg (heimildarmynd fyrir sjónvarp) |
| 2010 Future of Hope (heimildarmynd) | 2002 Hafid (aðstoðarklippari) |
| 2010 Inhale | 2002 Reykjavík Guesthouse: Rent a Bike |
| 2009 Desember | 2002 Den gamle møller (stuttmynd) |
| 2009 Opaque (stuttmynd) | 2000 Erik Bruhn: Jeg er den samme, bare mere (stutt heimildarmynd) |
| 2008 Reykjavík Rotterdam | 2000 Billy i Bangkok (heimildarmynd fyrir sjónvarp) |
| 2008 Brúðguminn | 1999 Bye Bye Blue Bird |
| 2007 Duggholufólkið | 1999 Det forbandede fedt (heimildarmynd fyrir sjónvarp) |
| 2007 Bræðrabylta (stuttmynd) | 1998 Dansinn (aðstoðarklippari) |
| 2007 Takk fyrir hjálpið (stuttmynd) | |
| 2006 Mýrin | |
| 2006 Blóðbönd | |
| 2006 Allir litir hafsins eru kaldir (TV mini-series) | |



Starfsemi á árinu 2011

(Allar fjárhæðir í milljónum króna)

Efnahagsreikningur:	31.12.2011	31.12.2010
Verðbréf með breytilegum tekjum	90.046	74.934
Verðbréf með föstum tekjum	145.285	135.603
Veðskuldabréf	16.440	15.394
Bankainnstæður	15.320	18.029
Kröfur	1.313	2.626
Fasteign, rekstrarfjármunir og aðrar eignir	236	268
Skuldir	- 3.260	- 5.811
Hrein eign til greiðslu lífeyris	265.380	241.043

Breytingar á hreinni eign:	2011	2010
Iðgjöld	11.956	11.226
Lífeyrir	- 8.152	- 7.785
Framlag ríkisins vegna örorku	880	969
Fjárfestingartekjur	20.347	9.754
Fjárfestingargjöld	- 182	- 162
Rekstrarkostnaður	- 337	- 303
Aðrar tekjur	40	38
Skattur á hreina eign	- 214	0
Hækkun á hreinni eign á árinu	24.338	13.736
Hrein eign frá fyrra ári	241.042	227.306
Hrein eign til greiðslu lífeyris	265.380	241.042

Kennitölur:	2011	2010
Hrein nafnávöxtun	8,1%	4,0%
Raunávöxtun	2,9%	1,5%
Hrein raunávöxtun	2,7%	1,4%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	-5,1%	- 3,9%
Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal)	2,7%	2,2%
Eign umfram heildarskuldbindingar (%)	- 4,9%	- 8,1%
Fjöldi sjóðfélaga	26.203	25.175
Fjöldi launagreiðenda	4.064	3.955
Fjöldi lífeyrisþega	15.556	14.919

Afkoma

Hrein nafnávöxtun sjóðsins á árinu 2011 var 8,1% sem jafngildir 2,7% hreinni raunávöxtun. Ávöxtun innlendra hlutabréfa var 11,6% og erlend hlutabréf hækkuðu um 6,8% í krónum. Erend hlutabréf sjóðsins samanstanda af skráðum verðbréfum og óskráðum fjárfestingasjóðum. Til samanburðar hækkaði heimsvísitala hlutabréfa um 0,6%. Raunávöxtun skuldabréfa var 3,9%. Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt eru heildarskuldbindingar sjóðsins 4,9% umfram eignir í árslok 2011.

Eignir sjóðsins skiptast þannig: Innlend ríkistryggð skuldabréf eru 46,4%, erlend hlutabréf 21,6%, innlend hlutabréf 7,1%, veðskuldabréf 6,6%, önnur skuldabréf 9,2%, innlán 5,5% og vogunar- og fasteignasjóðir 3,6%.

Séreign

Hrein eign séreignardeildar í árslok 2011 var 2.572 milljónir króna og hækkaði um 15 milljónir króna frá fyrra ári. Hrein raunvöxtun séreignardeildar sjóðsins var þannig: Framtíðarsýn I -2,2% (nafnávöxtun 2,9%), Framtíðarsýn II -0,7% (nafnávöxtun 4,4%) og Framtíðarsýn III sem er verðtryggður innlánsreikningur 2,6% (nafnávöxtun 8,7%). Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild námu samtals 271 milljón króna á árinu.

Ársfundur 2012

Ársfundur sjóðsins verður haldinn miðvikudaginn 25. apríl n.k. kl. 17.00 á Hilton Nordica Reykjavík. Dagskrá fundarins verður auglýst síðar.

Stjórn sjóðsins:

Vilhjálmur Egilsson, formaður	Harpa Ólafsdóttir, varaformaður
Arni Bjarnason	Heiðrún Jónsdóttir
Hjörtur Gíslason	Kolbeinn Gunnarsson
Orri Hauksson	Sigurður A. Guðmundsson

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Árni Guðmundsson



Gildi - lífeyrissjóður
Sætúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is

Páskaliljur, kanína og Jesús í borg

Páskastemning var viðfangsefnið í ljósmynda-keppni Fréttablaðsins sem efnt var til fyrir skemmstu. Hulda Rós Hákonardóttir á sigurmyndina sem prýðir forsíðu blaðsins, en á henni er fimm ára dóttir ljósmyndarans páskaleg á Þingvöllum.

Dómnefndina skipuðu Pjetur Sigurðsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, Steinunn Stefánsdóttir aðstoðarráttgjafi og Einar Skúlason kynningarstjóri. Verðlaun fyrir fyrsta sætið er heimaljósastúdíó frá Nýherja. Í því eru tveir 150W ljósastandar, regnhlíf og DVD-kennsludiskur. Verðlaun fyrir annað og þriðja sætið eru ferðir í Borgarleikhúsið fyrir tvo.

■ 1. SÆTI



„Þessu bjóst ég alls ekki við. Frábært að heyrja,“ segir Hulda Rós Hákonardóttir, höfundur ljósmyndarinnar sem dómnefnd þótti best í ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins. Á myndinni sést Katrín Rósa, fimm ára gömul yngri dóttir Huldu, í fallegu landslagi á Þingvöllum. „Hrafnhildur systir mín er með bústað á Þingvöllum og stakk upp á því að ég myndi taka þátt. Það er nú ekki erfitt að finna fallegt myndefni þarna á Þingvöllum,“ segir Hulda Rós, sem er skartgripahönnuður og tekur því verðlaununum, heimaljósastúdíói frá Nýherja, fagnandi. „Ég þarf oft að taka flottar myndir af skartgripunum og því koma þessi verðlaun að góðum notum. Annars er ég bara áhugaljósmyndari en á góða myndavél sem ég hef lært ágætlega á og svo fór ég einu sinni á daglangt námskeið í ljósmyndun. Þessi árangur ytir undir áhugann, það er á hreinu,“ segir sigurvegarinn.

■ VÖKTU EINNIG ATHYGLI

Þessar tvær myndir vöktu einnig athygli dómnefndar. Steinunn Matthíasdóttir tók þá efri og Þorgils G. Gunnþórsson þá neðri.



■ 2. SÆTI



Myndina í 2. sæti tók Rebekka Jenný Reynisdóttir af gælukanínunni sinni, honum Nemó, úti í garði á heimili sínu í Garðabænum. „Ég tók myndina þegar ég heyrði af keppninni,“ segir Rebekka Jenný, sem kom Nemó fyrir í forlata eggjakörfu í blómabeðinu. „Nemó leið ágætlega í körfunni, enda er hann mjög rólegur og góður.“

■ 3. SÆTI




Erling T. V. Klingenberg myndlistarmaður og Helga Brekkan kvikmyndagerðarkona eiga myndina sem varð í þriðja sæti ljósmyndasamkeppninnar, en á henni sést Grétar Már Sigurðsson, nemi við myndlistardeild Listaháskóla Íslands, í hlutverki Jesú í Reykjavík. „Ég og Haraldur Guðjónsson kenndum þennan áfanga sem lauk þann 31. mars síðastliðinn með svokallaðri halarófu, þar sem 22 nemendur frömdu gjörninga víðs vegar um miðbæinn. Á skiltinu framan á Jesú stendur: „Hvað var ég að gera milli 0-30“, og Grétar hefur væntanlega verið að velta fyrir sér hvað gaurinn var að gera frá fæðingu til þrítugs,“ segir Erling, sem vinnur mikið með ljósmyndun og vídeólist í verkum sínum.

SÝNING UM HELGINA

EITT MESTA ÚRVAL AF NÝJUM OG NOTUÐUM FERÐAVÖGNUM

ergo



TEC
verð frá kr. 3.790.000.
Mán.greiðsla kr. 43.918 *


**TABBERT VIVALDI
VERÐUR FRUMSÝNDUR
UM HELGINA**



T@B 320
kr. 2.850.000.
Mán.greiðsla kr. 33.060 *




T@B L400 TD
kr. 3.990.000.
Mán.greiðsla kr. 46.228 *



PALOMINO
verð frá kr. 1.890.000.
Mán.greiðsla kr. 21.972 *

KOMDU OG
VELDU ÞÉR
FERÐAVAGN OG
LIT FYRIR SUMARIÐ



ÆGISVAGNINN
kr. 1.090.000.
Mán.greiðsla kr. 12.731 *



SEGLAGERÐIN ÆGIR

Þar sem ferðalagið byrjar

TIL ÞJÓNUSTU Í 99 ÁR

Eyjarlóð 5 101 Reykjavík
S: 511 2200 www.seglagerdin.is

Opið
Laugardag 11:00-16:00
Páskadagur Lokað

* Forsendur Ergo:
Mánaðarleg greiðslubyrði miðast við bílasamning Ergo,
70% fjármögnun til 84 mánaða m.v. gullvildarkjör og 8,8% óverðtrygga vexti



HVER ER AÐ KOMA? Skólar í Malaví eru af ýmsum toga, skóli þessara barna er í tjaldi og þegar íslenski ráðherrann birtist með föruneyti sínu kíktu þau út til að athuga hverjir væru á ferðinni.

MYND/KRISTJÁN GUY BURGESS

„Börnin lifa hjá okkur“

Prúnarsamvinnustofnun hefur undanfarin ár byggt upp heilsugæslu í Malaví. Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra sótti landið nýverið heim og skoðaði uppbygginguna. Ráðherra hélt dagbók og leyfir lesendum Fréttablaðsins að skyggast í hana.

Íslenskt forsetaefni

JÓHANNESARBOURG Þrumur, eldingar og suður-afrískt úrhelli taka á móti okkur Kristjáni Guy og Maríu Erlu sendiherra þegar við lendum í Jóhannesarborg. Leiðin liggur um Suður-Afríku til Monkey Bay í Malaví. Þar ætlum við að afhenda heimamönnum til eignar nýtt og glæsilegt sjúkrahús sem mun þjóna svæði þar sem jafnmargir búa og í allri Reykjavík.

Af öllum fátækum löndum Afríku er Malaví einna blásnaðast. Það er jafnstórt og Ísland. Allt annað er öðru vísi. 16 milljónir manna draga fram lífið á frumstæðum landbúnaði í þétriðnu neti smáþorpa sem þekja landið. Meðalævilengd er innan við 50 ár. Barnadaði er með því hæsta sem þekktist og skólakerfið er í molum. Aðeins sex prósent þjóðarinnar hafa aðgang að rafmagni og skógarnir eyðast hratt í eldstæðum heimamanna. Nýi spítalinn er mikilvægur þáttur í margvíslegri þróunaraðstoð við Malaví. Hann er stærsta þróunarverkefni Íslendinga fyrr og síðar.

Afríka kemur mér á óvart strax á flugvellinum. Djúpraddaður maður fagnar okkur innilega og ég þekki hann óðara af myndum. Það er enginn annar en Cyril Ramaphosa, sem ásamt Nelson Mandela samdi um valdatöku svarta meirihlutans á níunda áratugnum. Ramaphosa öðlaðist heimsfrægð þegar hann kornungur stofnaði samtök svartra námuverkamanna sem léku stórt hlutverk í baráttunni gegn apartheid, aðskilnaðarstefnu hvíta minnihlutans. Hann stýrði svo frelsissamtökum hins undirokaða blakka meirihluta, ANC, sem Mandela

leiddi úr fangelsinu á Robbin-eyju. Síðar fékk Mandela hann til að stýra samningu stjórnarskrár Suður-Afríku sem Þorvaldur Gylfason segir að sé með þeim framsæknustu.

Í dag er Ramaphosa, með mörgu öðru, ræðismaður Íslands í Jóhannesarborg. „Ég tilheyrir Venda-ættbálknum sem er næstminnstur, styð minnsta fótboltaliðið og fannst tilvalið að vera ræðismaður minnsta ríkisins,“ segir hann yfir kvöldverði og hlær. Hann ætlaði að verða forseti á eftir Mandela en flokksöldungarnir völdu Mbeki. Nú sé ég í blöðunum að Zuma forseti vill gera hann að varforseta sínum. Það er meira en hugsanlegt að í Ramaphosa eignist Íslendingar næsta forseta Suður-Afríku.

„Í Malaví er fólkið blásnautt,“ segir Ramaphosa þegar hann kveður okkur. „Guð launar ykkur að lokum ef hann er þá ekki búinn að því.“

Spurning dagsins

LILONGWE Við kveðjum Jóhannesarborg á sunnudegi og fljúgum til Lilongwe, höfuðborgar Malaví. Stefán Jón tekur á móti okkur, vörpulegur að vanda, með arftaka sínum, Vilhjálmi Wium. Engilbert Guðmundsson, framkvæmdastjóri ÞSSÍ, er líka kominn til Malaví í sama tilgangi og ég. Engilbert er þrautreyndastur Íslendinga á sviði þróunarmála og þekkir Afríku næstum eins og Skagann, þar sem hann ólst upp.

Stefán Jón keyrir hart prógramm. Í lok dags ökum við út fyrir Lilongwe að skoða fiskibraut sem Íslendingar hafa byggt upp við landbúnaðarskóla sem er hluti af háskóla landsins. Nú er hann að breytast í



RÁÐHERRANN OG FORSETAFRÚIN Það fór vel á með Callistu Mutharika, forsetafrú í Malaví, og Össuri Skarphéðinssyni, utanríkisráðherra Íslands.

kjarnann í nýjum landbúnaðarháskóla. Þar hittum við fyrir nokkur doktorsefni sem Íslendingar hafa kostað til náms. Verkefnið er kynnt og á eftir sýna þeir mér vatnasteinbít sem er í eldi í tjörnnum úti í skógi.

Í bílnum á milli funda spur ég Engilbert hvernig hann svari þeim sem halda því fram að þróunaraðstoð skipti litlu máli fyrir Afríku. Engilbert er afdráttarlaus. Hann segir að þróunaraðstoðin ráði úrslitum um hvort blásnaudu ríkin nái sér á strik. „Það getur gerst mjög hratt. Sjáðu bara Asíu.“ Eg spur um afrísk dæmi. Hann er með þau á reiðum höndum.

„Botsvana er komið mjög langt. Það er ekki lengur fátækt land. Í dag flokkum við það sem millitekjuríki, og gleymum ekki eyjunni

Máritíus. Þar gerast góðir hlutir.“ Hann tekur líka Gana sem dæmi og segir stutt í að Ganamenn standi á eigin fótum. „Í Úganda eru hlutirnir að smella. Það gerist nú hraðar en menn átta von á. Mörg Afríkuríkin eru komin miklu lengra en fyrir 10-15 árum.“ Úganda er eitt þriggja ríkja sem Ísland starfar sérstaklega með í gegnum ÞSSÍ og Engilbert er ánægður með ganginn.

Ég spur hvaða von Malaví eigi og horfi á börnin við vegkantinn sem eru miklu minni en jafnaldrar þeirra á Íslandi. „Töluvert mikla,“ segir Engilbert einbeittur. „Malavímenn eru vissulega einna verst settir í Afríku. Þeir eru samt á betri stað en fyrir 15-20 árum, til dæmis fara nú miklu fleiri í skóla og færri börn og mæður deyja.“ Hann segir að

Vesturlönd þurfi að vera þolinmód og megi ekki gefast upp.

Heima á hóteli kveðjum við Stefán Jón sem býr í grenndinni. Ég þori ekki að spyrja hvort hann sé á leið í forsetaframboð á Íslandi.

RÚV-Malaví

Árla mánudags eigum við fund með utanríkisráðherra Malaví. Hann heitir Peter Mutarika og er bróðir Bingu forseta og langar að taka við af honum. Blöðin, sem húðskamma forsetann þessa dagana, segja hins vegar að Callista forsetafrú, 30 árum yngri en Bingu, vilji taka við af manni sínum þegar hann er senn búinn með bæði tímabilin sem stjórnarskráin leyfir. Forsetadæmið vex inn í merginn víðar en á Íslandi og erfitt að kveðja það.

Á hressilegum fundi okkar Mutarika verð ég svolítið hissa þegar sjónvarpsmaður myndar allan fundinn. Það er óvanalegt á lokuðum ráðherrafundum og ég hugsu með mér að líklega sé þetta til innanhússbrúks. Um kvöldið er ég hins vegar orðinn mini-celeb í Malaví. Allir sem ég hitti vita hvað gerðist á fundinum og hafa gaman af glettnislegri kerskni okkar Mutarika í lok fundar um hvor væri betri, fiskurinn chambo úr Malavívatni eða íslenski þorskurinn.

Það kemur í ljós að tengslin milli utanríkisráðherra og ríkisútvarpsins eru sterkari í Malaví en á Íslandi því eftir kvöldfréttir hafði malavíska sjónvarpið sent út allan fundinn. Fréttasmekkur heima-manna birtist í því að morguninn

FRAMHALD Á SÍÐU 22



Capelli

einingarsófi

25% afsláttur
af CAPELLI
einingarsófa
tilboð gildir til 30/4



COLMAR Hör áklæði, færur úr eik.
Hægindastóll. **59.900,-**

CAPELLI einingar


Áklæði: 50% bómul, 44% akrýl, 6% ull



1½ sæta, m/hægri eða vinstri armpúða
80x139x102 cm.
149.900,-
NÚ **111.900,-**



Legubekkur m/hægri eða vinstri armpúða
80x102x150 cm.
149.900,-
NÚ **111.900,-**




Hægri eða vinstri endaeyning
80x156x102 cm.
139.900,-
NÚ **104.900,-**



2½ sæta, án armpúða
80x182x102 cm.
179.900,-
NÚ **134.900,-**



1½ sæta, án armpúða
80x112x102 cm.
119.900,-
NÚ **89.900,-**



Legubekkur án armpúða
80x112x150 cm.
169.900,-
NÚ **126.900,-**



Horneining
80x102x102 cm.
109.900,-
NÚ **81.900,-**



Skemill
150x102 cm.
99.900,-
NÚ **74.900,-**
100x100 cm.
89.900,-
NÚ **66.900,-**



CHESTERFIELD Svart leður
3ja sæta. L220 cm. **269.900,-** 2ja sæta. L180 cm. **249.900,-**
Hægindastóll. **179.900,-** Bekkur. L197 cm **99.900,-**
Skemill m/geymsluhólf. **79.900,-**



AVALLON
Eikarfærur, áklæði úr 67% bómul, 33% hör
Hægindastóll. **79.900,-**
Skemill. **34.900,-**



NERO 100% pólýester. Svampur í sessum og púðum.
2ja sæta m/legubekk. L250 cm. **139.900,-**
Legubekkur + 2ja sæta. L250 cm. **139.900,-**
2ja sæta m/legubekk. Svart leður. L250 cm. **229.900,-**



KINGSTON Ljósbrúnt áklæði 50% pólýester, 44% akrýl, 6% ull. 3ja sæta. L232 cm. **199.900,-**



KINGSTON CITY Grátt endingargott áklæði. 44% akrýl, 42% pólýester, 14% polypropylene. Svampur í sessum og trefjafylling í púðum. 3ja sæta. L199 cm. **129.900,-**
Legubekkur + 1½ sæti. L205 cm. **179.900,-**
1½ sæti m/legubekk. L205 cm. **179.900,-**



BAHIA Svart leður
3ja sæta. L218 cm. **149.900,-**
Legubekkur + 3ja sæta. L239 cm. **229.900,-**
3ja sæta m/legubekk. L239 cm. **229.900,-**



HOUSTON
Hannaðu þinn eigin draumasófa. Þú velur útlitið, velur milli 80 áklæða, mismunandi fóta og armpúða.
Hönnunarforrit á heimasíðu - www.ilva.is/houston



WALES
Skemill. Ø100 cm. Svart eða hvítt leður. **69.900,-**



OAKLAND Ljóst áklæði. 70% bómul, 30% pólýester. Áklæði má taka af og þvo.
2ja sæta. L157 cm. **109.900,-**
Hægindastóll. **89.900,-** Skemill. **34.500,-**



Laxabeygla
Reyktur lax, egg, graflax-sósa og salatblanda **895,-**



FRAMHALD AF SÍÐU 20

eftir er útsendingin svo endurtekin.

Kristján Guy stingur upp á að Páll Magnússon verði sendur til Malaví í endurmenntun og er samstundis kjörinn starfsmaður dagsins.

Brunnarnir og kóleran

NANKUMBA Eftir fundinn ökum við í steypiskúrum yfir hásléttuna meðfram landamærunum við Mósambík áleiðis til Nankumbaskaga við Malavívatn. Þar hafa Íslendingar sett upp heilsugæslustöðvar og næstum 500 vatnsbrunna. Þeir eru staðsettir þannig að enginn þarf að ganga lengra en hálfan kílómetra í hreint vatn.

ESB borgaði hraðbrautina sem við ökum eftir. Mér verður hugsað til Ömma frænda. Hvað hefði hann sagt? Á fjöggra tíma akstri mætum við varla nokkrum býl. Margir eru hins vegar á reiðhjólögörum. Flestir tvímenna og margir þrímenna af mikilli kúnt. Á sum hjólin er staffaðir af firnum af varningi, m.a. mörgum böggum af ólöglegum viðarkolum. Stöku uxakerru sé ég á slóðum út frá veginum. Flestir eru þó á tveimur jafnfljóttum og blístrar og hrópar „Woye Iceland – Lifi Ísland.“

Svo talar Callista. Fer hægt af stað. Les stílinn sinn. Loks hendir hún honum líka, kemst í ham, stígur afrískan takt í ræðustólnum og heldur þrumuræðu um Ísland, eiginmann sinn forsetann, flokkinn, nýja spítalann – og gleymir ekki sjálfri sér. „Þessi kona er á leiðinni í framböð“, segir Stefán Jón. Á eftir skoðum við veglega félagsmiðstöð í Monkey Bay sem Íslendingar hafa reist og heimamenn sýna mér bækur sem Katrín menntamálaráðherra gaf bókasafninu þegar hún gifti sig.

Um kvöldið er ég aftur kominn til apanna við Malavívatnið. Þegar ég kem í matinn er Stefán Jón búinn að velja handa mér fisk úr vatninu. Það er réttur sem heitir „Drunken chambo“.

Þegar við komum af hásléttunni skrönglumst við inn í skóginn eftir holóttum slóðum sem varla standa þó undir svo virðulegu nafni. Alls staðar á milli trjanna eru litlir ljóslausir kumbaldar, og upp úr þeim liðast gráhvítur reykur. „Það er þessi reykur sem er að drepa börnin ásamt malaríunni“, segir Stefán Jón.

Loks komum við í rjóður í jaðri þorps þar sem verkleg vatnsdæla, handknúin, blasir við augum. Í kringum hana er hópur fólks sem á von á okkur. Það er vatnsnefndin í þorpinu. ÞSSÍ hefur komið vatnsnefnd á fót um hverja einustu dælu sem búið er að setja upp í Nankumba og nefndirnar bera ábyrgð á að halda þeim við. Alls staðar eru börn, brosmild og forvitin.

Vatnsnefndin fagnar okkur af einlægni og segir að brunurinn hafi gjörbreytt lífi þorpsbúanna. Hvernig? spur ég. „Í öllu. Fyrir nokkrum árum braust mannskæð kólera út 100-200 sinnum á ári í Nankumba“, segir kona sem hefur orð fyrir þorpinu. „Síðan dælnar komu hefur ekki komið upp eitt einasta tilvik. Nú höfum við hreint, sóttrítt vatn.“

Kornung stúlka er að ljúka við að dæla vatni í ógnarstórt kerald. Stefán Jón rétt rogar því í brjóstheð og er þó hraustmenni. Sú stutta, orðin feimin af athyglinni, setur klút á höfuð sér, rykkir keraldinu upp og gengur hvatlega í burtu. „Þetta eru líklega einir 50 lítrar og hún á kannski eftir að ganga hálfan kílómetra. Svona er Afríka“, segir Engilbert.

Þegar við kveðjum brestur allur hópurinn í mikinn og fallegan söng.



SUNGID OG SPJALLAR Malavísk skólábörn tóku Össuri Skarphéðinsynni með kostum og kynjum. Hér syngja þau fyrir ráðherrann sem leit við í heimsókn.

● ● ● **Fæðingardeildin er samt sérstakt stolt Íslands. Stefán Jón segir að menn hafi fyrst óttast að konurnar myndu ekki koma þangað til að fæða. „Nú er orðsporið þannig að þær koma tugi kílómetra til að fæða hjá okkur.“ Hann vill setja upp betra hús fyrir konurnar sem bíða falls**

Okkur er sagt að þetta sé óður til Íslands, saminn í tilefni dagsins. Þakklæti heimamanna er svo einlægt að mitt vestfirsk hjarta hrærist.

Fæðingardeild í skóginum

Við höldum áfram eftir vatnsósa moldarslóðum inn í skóginn þangað til loks blasir við lítil og skínandi heilsugæslustöð. Íslendingar reistu hana og reka. Hún er eina heilsugæslan á stóru og torfæru svæði. Öllum sem koma er sinnt, slösuðum, malaríusjúklingum og HIV-smiðum. Fæðingardeildin er samt sérstakt stolt Íslands. Stefán Jón segir að menn hafi fyrst óttast að konurnar myndu ekki koma þangað til að fæða. „Nú er orðsporið þannig að þær koma tugi kílómetra til að fæða hjá okkur.“ Hann vill setja upp betra hús fyrir konurnar sem bíða falls.

Yfirmaðurinn, pínulítill ljósmóðir í drifhvítum búningi með skondinn örþappa á höfði stendur í hlaði. Við hlið hennar eru tveir starfsmenn sem hafa skírteini upp á að geta sinnt flestum brýnum aðgerðum. Aðrir eru á ferð um sveitina að sinna sjúklingum. Ljósmóðirin segist taka á móti allt að sex börnum daglega. Í dag hafa þó bara tvö börn fæðst og þess þriðja er vænst fyrir myrku-

ur. Hún segir að erfitt sé að komast til illa veikra sjúklinga. „Það er of langt að fara tugi kílómetra á reiðhjólum. Við þyrftum mótörhjól, en núna er ekki til bensín í landinu.“

Eins og aðrir sem ég hitt þennan dag er ljósmóðirin okkar barmafull af þakklæti. „Fæðingardeildin á mikinn þátt í því hvað barnadauðinn hefur minnkað. Börnin lifa hjá okkur“, segir hún. Ísland hefur sett upp þrjár fæðingardeildir í héraðinu sem þjóna 130 þúsund manns. Þar hafa samtals fæðst sextán þúsund börn.

Fæðingardeildin í Nankumba er frumstæð á íslenskan mælikvarða – en hún virkar. Ungu mæðurnar tvær liggja örþreyttar í rúmunum, með reifastranga sér við hlið. Ég horfi langa stund í örlítill augu sem stóra glitrandi og koldökk á móti.

Um nóttina skima ég eftir ljóskerum fiskimanna á Malavívatninu. Livingstone kallaði það Vatn stjarnanna af því honum fannst ljóskerin eins og stjörnur á himni. Aparnir skrattast á þakinu, halalangir og furðu stórir.

„Woye Iceland“

MONKEY BAY Malavívatnið er paradís líffræðinga. Þar lifa fleiri tegundir fiska en samanlagt í N-Amer-

íku og Evrópu. Það væri gaman að skoða betur en Hafstein gefur engin grið. Árla dags er haldið af stað og ekið inn í Monkey Bay, þar sem Íslendingarnir komu fyrst fyrir 23 árum að kenna sitthvað um fiskveiðar.

Nýja sjúkrahúsið er glæsilegt að sjá, og handbragðið til fyrirmyndar. Utan hlaðins forgarðs er manngrú, en innan bíða okkar helstu fyrirmenn í héraði, þingmenn og slatti af ráðherrum sem hafa komið frá Lilangwe. Þar hitti ég líka héraðshöfðingjann, TA Nankumba, örlítinn kall með sterka rödd, annálaðan fyrir að halda langar og snjallar ræður. Skafti Jónsson, sem eitt sinn var í Monkey Bay, segir að hann hafi einu sinni lofað Ísland í þrjú korter, og beðið svo afsökunar á að ræðan hafi ekki verið lengri – hann væri með tannpínu.

Innan tíðar rennur bílalest í hlað. Þar er komin sjálf Callista Mutarika, forsetafrú. Það vantar ekkert nema fallbyssuskot þegar hún stígur út. Þetta er mikil kona og glæsileg, og má ekki á milli sjá hvor er flottari, hún eða Kristján Guy með nýja Panamahattinn sinn. Svo gengur hún á röðina og heilsar. Þetta ætlar engan endi að taka og allt undir brennandi afrískri sól.

Á eftir skoðum við Callista sjúkra-

húsið saman. Hún talar við sjúklinga, er kona fólksins, og lætur taka af sér myndir með litlum börnum. Á eftir afhjúpum við stóra minnis-kildi okkur til eilífrar og óverðskuldaðrar dýrðar. Hún pósar eins- og hún eigi lífið að leysa.

Því næst er öllu liðinu skutlað bæjarleið út á íþróttavöllinn í Monkey Bay. Allir eru í stuði eins- og á héraðsmóti í Skagafirði. Söngur og dans, fremstar eru konur í lit-skrúðugum klæðum – sem öll eru í flokkslitum DPP, sem er forseta-flokkurinn.

Það er lífsreynsla að vera á afrískum útifundi. Stemningin er mögnuð. Þegar kemur að mér hendi ég náttúrulega ræðunni sem ráðuneytið skrifaði fyrir mig og andinn blæs mér heiftarlega í brjóst. Undirtektirnar eru magnaðri en ég hef áður mætt. Líðið klappar og blístrar og hrópar „Woye Iceland – Lifi Ísland.“

Svo talar Callista. Fer hægt af stað. Les stílinn sinn. Loks hendir hún honum líka, kemst í ham, stígur afrískan takt í ræðustólnum og heldur þrumuræðu um Ísland, eiginmann sinn forsetann, flokkinn, nýja spítalann – og gleymir ekki sjálfri sér. „Þessi kona er á leiðinni í framböð“, segir Stefán Jón. Á eftir skoðum við veglega félagsmiðstöð í Monkey Bay sem Íslendingar hafa reist og heimamenn sýna mér bækur sem Katrín menntamálaráðherra gaf bókasafninu þegar hún gifti sig.

Um kvöldið er ég aftur kominn til apanna við Malavívatnið. Þegar ég kem í matinn er Stefán Jón búinn að velja handa mér fisk úr vatninu. Það er réttur sem heitir „Drunken chambo“.

Malaví kvatt

BLANTYRE Morguninn eftir kveðjum við Malaví. Við ökum frá Monkey Bay áleiðis til Blantyre, sem Livingstone skírði eftir heimabæ sínum í Skotlandi. Á leiðinni skoðum við tvo skóla.

Í öðrum hafa börnin engin námsgögn, hvorki bækur né skrifffæri, og læra af kennaranum sem dregur upp á töflu. Skólastofurnar eru algjörlega tómar fyrir utan töfluna, og börnin sitja á gólfinu. Kennarnar segja að þau eigi stundum erfitt með námið vegna svengdar og van-næringar. Þegar ég kem í hinn skólann er bragurinn allt öðru vísi. Ég rek fyrst augun í stórt Íslandskort uppi á vegg. Það kemur í ljós að skólinn tengist Mýrarhúsaskóla á Seltjarnarnesi og nýtur þess ríkulega. Börnin sitja við borð, eru öll með skrifffæri, og þar er bókasafn sem Seltirningar eiga heiðurinn af.

Á flugvællinum utan við Blantyre nær María Erla, reddari af guðs náð, að bóka farangurinn á leiðarenda. Engilbert tekur að sér galdrastafinn sem ég keypti í Monkey Bay og á að bæggja frá mér illum öndum. Ég eftir fund í Brussel þegar Afríku sleppir. Við kveðjum Stefán Jón. Mig langar að spyrja hvort hann sé fjórða forsetaefnið sem ég hitti í Afríku.

Þegar ég flýg yfir skóginn áleiðis til Suður-Afríku hugsu ég um lítil og glitrandi augu sem ég sá nýfædd í gær. Ég vona heitt og innilega að þeim vegni vel.

■ Á STÆRÐ VIÐ ÍSLAND EN LÍTIÐ LAND Á AFRÍSKAN MÆLIKVARÐA*

■ Malaví er land á stærð við Ísland í suðausturhluta Afríku og telst lítið land á afrískan mælikvarða, eða um 120 þúsund ferkílómetrar að stærð. Landið er eitt það þéttbýlasta í Afríku með um 13 milljónir íbúa og jafnframt meðal fátækustu landa í heimi.

■ Fjölbreytt náttúra einkennir landið, með hásléttum og gróðursælu láglandi. Landið er þéttbýlt en frjósamt og mikill meirihluti landsmanna lifir af landbúnaði.

■ Malavívatn er þriðja stærsta vatnið í Afríku og þekur um fimmtung af flatarmáli landsins. Vatnið er 585 km að lengd og 100 km að breidd þar sem það er breiðast. Vatnið gegnir mikilvægu hlutverki fyrir þá sem við það búa og hafa afkomu af því, en mestallar fiskur sem veiddur er í Malavívatni fer til manneldis innanlands.

■ Malaví er landlukt sem þýðir að landið hefur ekki aðgang að úthafshöfnum og hamlar það samgöngum við umheiminn. Sú staðreynd hefur áhrif á efnahagslífið því erfitt er að koma vörum á markað og flytja inn vörur frá öðrum heimshlutum.

■ Malaví skiptist í þrjá stjórnsýsluhluta, norður-, mið- og suðurhluta, og hefur hver og einn sín sérkenni. Höfuðborg landsins heitir Lilongwe og þar búa tæplega 500 þúsund manns.

Borgin er í miðhluta landsins og eru allar helstu stjórnsýslustofnanir þar. Borgin Blantyre er í suðurhlutanum og er svipuð að stærð, með ríflega 500 þúsund íbúa. Hún er miðstöð verslunar og viðskipta.

■ Alþjóðastofnanir og vestræn ríki veita landinu öflugan stuðning og fær ríkissjóður landsins um 40% tekna sinna með þróunaraðstoð.

■ Þróunarsamvinnustofnun Íslands, ÞSSÍ, hefur umsjón með tvíhliða þróunarsamvinnuverkefnum milli Íslands og Malaví. Flest verkefni ÞSSÍ í Malaví eru í Mangochi-héraði. Verkefni ÞSSÍ eru á sviði heilbrigðismála, menntunar, fiskimála og vatns- og hreinlætisverkefna. Auk þess styður ÞSSÍ fjárhagslega við sjúkrahús í höfuðborginni Lilongwe og styður við verkefni sem snýr að konum sem hafa orðið fyrir heimilisofbeldi.

Þróunarsamvinna ÞSSÍ og malavíska ríkisins hófst árið 1989 og af verkefnum ÞSSÍ fær Malaví stærstan hluta aðstoðarinnar eða 27% af fjárveitingu ársins 2007.

*Upplýsingarnar eru teknar af heimasíðu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands www.iceida.is



VIÐ SNEIÐUM
KJÖTIÐ ÞÉR AÐ
KOSTNAÐARLAUSU!

NÓATÚN

Við gerum meira fyrir þig

AÐEINS
ÍSLENSKT
KJÖT
Í KJÖTBORÐI

LAMBALÆRI

1489

KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI
BESTIR
Í KJÖTI

LAMBAHRYGGUR

1798

KR./KG

Úrval, gæði
og þjónusta
í Nóatúni

AÐEINS
ÍSLENSKT
KJÖT
Í KJÖTBORÐI

Fyllt með
Camembert og
villisveppum

LAMBALÆRI,
ÚRBEINAD

2498

KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI
BESTIR
Í KJÖTI

AÐEINS
ÍSLENSKT
KJÖT
Í KJÖTBORÐI

NÓATÚNS GRÍSAHAM-
BORGARHRYGGUR

1389

KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI
BESTIR
Í KJÖTI

AÐEINS
ÍSLENSKT
KJÖT
Í KJÖTBORÐI

LAMBAFILLE
MEÐ FITURÖND

3898

KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI
BESTIR
Í KJÖTI

AÐEINS
ÍSLENSKT
KJÖT
Í KJÖTBORÐI

20%
afsláttur

KORNGRÍS GRÍSA-
HRYGGUR M/PÖRU

1198

~~1498~~ KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI
BESTIR
Í KJÖTI

ÍSFUGL FERSKAR
KALKÚNABRINGUR

3498

KR./KG

AÐEINS
ÍSLENSKT
KJÖT
Í KJÖTBORÐI

20%
afsláttur

UNGNAUTA RIB EYE

3598

~~4598~~ KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI
BESTIR
Í KJÖTI



ARGENTÍNU
GRILLSÓSUR
Í ÚRVALI

598

KR./STK.

ÞYKKVABÆJAR
GRILL KARTÖFLUR

375

KR./PK.



EGILS
PÁSKAÖL
0,5 LÍTRI

169

KR./STK.

MS OSTAKÖKUR
4 TEGUNDIR

898

KR./STK.



Páskaopnun
verslana



Austurver - Nóatún 17 - Hamraborg
Opið alla páskana 08:00 - 24:00

Grafarholt - Hringbraut

Laugardagur 7.apríl 08:00 - 24:00
Páskadagur 8.apríl **LOKAÐ**
Annar í páskaum 9.apríl 08:00 - 24:00

Opið til
miðnættis
alla daga

8-24

NÓATÚN

Hamraborg - Nóatún 17 - Hringbraut - Austurver - Grafarholt

Sagan sem neitaði að gleymast

Fyrir 70 árum kom heimilisfólkið í Veturhúsum í Eskifirði tugum breskra hermanna til bjargar. Afrekið hefur breska ríkisstjórnin þakkað með sérstakri viðurkenningu til handa **Magnúsi Pálssyni**, einum heimilismanna, sem þá var aðeins fjórtán ára. **Svavar Hávarðsson** rifjaði upp þessa ótrúlegu sögu og kynnti sér gerð heimildarmyndarinnar Veturhús, sem Stöð 2 sýnir á morgun.

Pegar Magnús Pálsson, þá fjórtán ára, lagðist til hvílu að kvöldi 20. janúar 1942 renndi hann ekki í grun að innan fárra klukkustunda yrði hann þátttakandi í einu af mestu björgunarafrekum í sögu íslensku þjóðarinnar. Sjötíu árum síðar barst honum þakkarbréf bresku ríkisstjórnarinnar. Tilurð þakkarbréfsins er gerð heimildarmyndarinnar Veturhús, en þar er ótrúlegri sögu forðað frá því að falla í gleymiskunnar dá.

KOYLI

The King's Own Yorkshire Light Infantry (KOYLI-herflokkurinn), sem staðsettur var á Búðareyri við Reyðarfjörð, var hluti nýlega stofnaðrar fjallgönguherveitar, en stór hluti af daglegu lífi hermanna voru æfingar sem miðuðu að því að gera þá hæfa til að berjast við erfiðar aðstæður. Þennan dag í janúar 1942 lagði herflokkurinn upp í vetraræfingagöngu frá herbúðunum við Búðareyri en þess hafði verið beðið í nokkra daga að veður leyfði að lagt væri upp í æfingaleiðangurinn. Í birtingu lagði herflokkurinn af stað í vetrarstillu og bjartviðri. Ætlunin var að ganga til Eskifjarðar yfir Hrævarskörð, en við bestu aðstæður er um margra klukkutíma göngu að ræða. Eftir nokkurra tíma göngu versnaði færið til muna; meðan við Hrævarskörð var harðfenni og ísing og því var ákveðið að halda lengra inn í land og ganga um Tungudal og Eskifjarðarheiði. Við þetta lengdist leiðin talsvert. Þegar leið á morguninn fór veður versnandi og mikil vindhæð, þoka og slydduél skullu á hermönnum. Þegar komið var inn á Eskifjarðarheiði var liðið að kvöldi og skolið á aftakaveður. Á leiðinni niður af heiðinni tvístráðist herflokkurinn í myrkrinu og áttaviltir og hraktir gerðu Bretarnir sitt besta til að koma sér í skjól.

Í Veturhúsum

Þennan örlagaríka dag var Magnús að klára vinnutörn, en hann hafði unnið tvo daga nánast sleitulaust við uppskipun á salti og kolum. Hann beið því ekki boðanna og lagðist til svefnis þegar fyrsta tækifæri gafst um kvöldið. „Páll bróðir minn gat hins vegar ekki sofnað, svo rosalega hamaðist veðrið“, segir Magnús. „Hann fékk áhyggjur og ákvað að athuga með útihúsin sem stóðu spölkorn þarna frá. Ég var ekki búinn að sofa lengi þegar hann vakti mig.“

Páll hafði gengið af tilviljun fram á aðframkominn hermenn á milli útihúss og bæjar, en sá hafði skriðið heim að bænum í leit að hjálpi. Magnús telur að kerti sem móðir hans Þorbjörg setti út í glugga um kvöldið, og snýr að heiðinni, hafi vísað mönnum leiðina.

Alla nóttina lögðu þeir bræður aftur og aftur út í sortann og drógu hvern hermenninn af öðrum inn í hlýjuna í Veturhúsum. „Við gengum á hljóðin í vesalings mönnum sem voru aðframkomnir. Þeir sáu ljósið frá fjösluktinni okkar. Margir voru skólausir, en allir rennblautir og kaldir“, segir Magnús sem lýsir því hvernig þeir bræður báru mennina í hús, systur hans, Bergþóra og Kristín, hlúðu að þeim og móðir hans stóð og bakaði brauð og hitaði kaffi þessa löngu nótt.

48 líf

Átta hermenn urðu vetri konungi að bráð, en til sanns vegar má færa að árvegni og ósérhlífni heimilisfólksins í Veturhúsum hafi forðað því að úr yrði stórslys án hliðstæðu. Alls kom heimilisfólkið í Veturhúsum 48 hermönnum í hús.



MAGNÚS PÁLSSON „Páll bróðir minn er hetjan í þessari sögu. Ekki ég.“ er viðkvæðið þegar björgunarafrekið í Veturhúsum er rætt við Magnús. Ekki verður Magnús rengdur en engu að síður bar hann hermenn á bakinu klukkutímum saman, þá aðeins unglundur að aldri. Margir hermenn áttu honum líf sitt að launa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þeir voru allir nær dauða en lífi af kulda og vösbúð, en aðeins fjórir af þeim 60 mönnum sem lögðu upp í ferðina komu sér af eigin rammleik út til Eskifjarðar. Harmleikurinn var mannskæðasti atburðurinn sem breska setuliðið á Íslandi varð fyrir.

„Breska ríkisstjórnin vill hér með koma þakklæti sínu formlega á framfæri við Magnús og Pál Pálssyni, móður þeirra Þorbjörgu og systur þeirra Bergþóru og Kristínu, fyrir hugrekki þeirra, óeigingirni, ákveðni og samúð hina örlagaríku aðfaranótt 21. janúar 1942. Hlýhugur bresku þjóðarinnar er með þeim á sjötugasta afmælisdegi harmleiksins“, segir í niðurlagi þakkarbréfs bresku ríkisstjórnarinnar til Magnúsar og fjölskyldu hans, sem Nick Harvey hermálaráðherra undirritaði í byrjun janúar. Vart þarf frekari vitnanna við um hversu einstakt afrek fjölskyldunnar í Veturhúsum hlýtur að teljast.

Gleymiskunnar dá

Sagan af björgun hermanna í janúar 1942 hefur ekki farið hátt þau mörgu ár sem liðin eru. Eðlilegt er að spyrja hverju það sætir. Magnús sjálfur er ekki maður margra orða og hefur ekki haldið sögunni á lofti. En sumar sögur neita að gleymast, eins og Þorsteinn J. Vilhjálmsson orðar það en hann hefur nýlega lagt loka hönd á heimildarmyndina Veturhús, sem greinir frá björguninni, lífi hermanna og á Austurlandi þessi örlagaár og sveitadrengrum Magnúsi. Myndina framleiða Arnar Knútsson, Steingrímur Wernersson og Sturla Pálsson sem þekkti til sögunnar og ýtti gerð myndarinnar úr vör með fyrir-grennslan um gögn sem sögunni tengjast.

Tveir menn

Þorsteinn bendir á að heimildarmyndin Veturhús er saga tveggja manna. Magnúsar og hermanna Rons Davies sem einnig gegndi herskyldu á Reyðarfirði í stríðinu, en hann tilheyrði annarri herdeild en þeir sem hrepptu aftakaveðrið á Eskifjarðarheiði. „Það var kannski mesta vinnan að finna söguna. Atburðurinn var eitt en svo var hitt hvað hann merkir fyrir einstaklingana. Það var því mikil heppni að rekast á Davies sem hripaði niður eigin sögu í skrifbökkir sem hann keypti í kaupfélaginu á Búðareyri á stríðsárunum. Þegar við náðum saman sagði hann mér að hann hefði ekki þekkt mennina í KOYLI-herflokknum en þegar hann minntist á dagbækurnar, og þá staðreynd að hann hafi málað nöfn hermanna á krossana í kirkjugarðinum á Reyðarfirði, vissi ég að við yrðum að hittast.“

Örlagarígur

Þorsteinn lýsir því sem forréttindum að hafa kynnt Davies og Magnúsi, og að kynnin af þessum tveimur ólíku mönnum hafi sett atburðinn í Veturhúsum í nýtt samhengi. „Davies var sjálfbodaliði í Kensington-herdeildinni og kemur í ljós að það var vegna rígs á milli þessara tveggja herdeilda sem förin örlagaríka var farin. Það eru upplýsingar sem hvergi koma fram, en þeir munu hafa ætlað að bæta tímamet Kensington-manna á leiðinni milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar um Hrævarskörð. Það voru mannleg mistök að snúa ekki við í tíma. Það verður ekki betur séð en það hafi hentað öllum ágætlega að þessir atburðir færu ekki hátt, þó hafa verið í huga að mælikvarðar nútímans fanga illa hugsanagang og ákvörðunartöku á stríðstímum.“



TAKK! Magnús tók við þakkarbréfinu úr hendi Jerry Hudson, ofursta og varnarmálafulltrúa, sem kom sérstaklega til landsins í janúar með bréfið. Myndin er tekin á heimili Ians Whitting, sendiherra Breta á Íslandi, sem er fyrir miðri mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



REYÐARFJÖRÐUR 1942 Nokkrir af bresku hermönnum sem gegndu herskyldu á Austurlandi í seinni heimsstyrjöldinni, braggarnir fyrir aftan þá sem voru hálf nóturlegar vistarverur. MYND/STRÍÐSÁRAFANÍÐ Á REYÐARFIRÐI

GRILL & GRILLVÖRUR

LAUGARDAGUR 7. APRÍL 2012

Kynningarblað Gasgrill, ferðagrill, heimasíðuð grill og girnilegar uppskriftir

Fislétt og vel búíð ferðagrill

O-grillin hafa notið mikilla vinsælda hjá þeim sem vilja ferðast létt og grilla úti í guðsgrænni náttúrunni. Þau fengu International Design Excellence-verðlaunin árið 2010 og eru að sögn Jóhannesar Þórarinssonar, innkaupastjóra **Víkurverks**, vel að þeim komin.

Ferðahugur er kominn í landann og eru margir farnir að svipast um eftir réttu græjunum. Það fylgir því ákveðin frelsistilfinning að geta grillað úti í guðsgrænni náttúrunni en um leið vilja flestir geta ferðast létt. Þá koma O-grillin sér vel.

„O-grillin hafa slegið í gegn og eru langvinsælustu ferðagrillin okkar,“ segir Jóhannes Þórarinsson, innkaupastjóri Víkurverks. „Þau fengu International Design Excellence-verðlaunin árið 2010 og eru vel að þeim komin.“

Jóhannes segir grillin einföld í notkun. „Opinn grillflöturinn, sem er úr pottjárnri, er stór og 3,2 Kw hringbrennari tryggir jafnan og góðan hita. Grillflöturinn er þannig hannaður að fitan lekur ekki ofan á brennarann og auðvelt er

Grillin fást í bláu, svörtu og appelsínugulu.

að þrifa grillið. Þá er í því innbyggður þrýstijafnari og innbyggður kveikjari sem tryggir hámarks þægindi auk þess sem grillinu fylgir slanga til að tengja við gas. Það er því allt til alls og ekkert vesen,“ segir Jóhannes.

Hann segir aðeins taka nokkrar sekúndur að gera grillið klárt og er það tilbúið til notkunar á örfáum mínútum. „Það tekur einstaklega lítið pláss og er í miklum metum hjá fólki með ferðavagna.

Jóhannes segir starfsmenn netsíðunnar Barbecue Master hafa prófað grillið og gefið því fyrstu einkunn. Að sögn Jóhannesar fást grillin í þremur litum; bláu, svörtu og appelsínugulu, og er hægt að kaupa aukahluti á borð við borðstand, tösku og hitamæli. Með magninnkaupum nær Víkurverk að bjóða grillin á frábæru tilboðsverði: O-grill 1000 á 25.950 kr. og O-grill 3000 á kr. 29.950.



O-grillin hafa að sögn Jóhannesar slegið rækilega í gegn.

O-Grillin sem slógu í gegn í fyrra á sama lága verðinu



O-Grill 3000 kr. 29.950
O-Grill 1000 kr. 25.950
Borðstandur kr. 9.995
Taska kr. 2.995
Hitamælir kr. 1.995



VÍKURVERK EHF • VÍKURHVARF 6 • 203 KÓPAVOGUR • SÍMI 557 7720 • WWW.VIKURVERK.IS



SVÍNAHNAKKI MEÐ KÓKI

Svínakjöt er vinsælt á grillið. Svínahnakki er bragðgott og meyr kjöt sem hentar vel til að grilla. Gæta verður þess að grilla kjötið ekki of mikið því þá verður það seigt. Það fer svolítið eftir þykktinni á sneiðunum hversu lengi þarf að grilla þær en 5-6 mínútur á hvorri hlið ættu að duga. Uppskriftin miðast við fjóra.

- 800 g svínahnakki án beins
- 2 tsk. hvítlauksduft
- 1 tsk. salt
- 1 tsk. nýmalaður svartur pipar
- ½ lítri kók
- 4 dl barbeque-sósa
- 8 beikonsneiðar, má sleppa

Kryddið kjötið með hvítlauksdufti, salti og pipar og nuddið vel inn í kjötið. Leggið kjötið í form og hellið kók yfir. Látið standa í fjóra tíma. Eftir þrjá tíma er barbeque-sósunni hellt yfir. Athugið að snúa kjötinu nokkrum sinnum á meðan það er í kryddleginum.

Grillið kjötið á miðlungshita, um það bil 5-6 mínútur á hvorri hlið.

Grillið beikonsneiðarnar og leggið síðan ofan á kjötið. Pensið kjötið með kryddleginum í lokin á steikingartímanum. Borið fram með kartöflum og góðu salati.



Hér er verið að kveikja upp í græjunni.

Heimasmíðaður eldflaugaofn

Sumir fara óhefðbundar leiðir í eldamennskunni. Ingi Þór Ingibergsson hefur smíðað sér „rocket stove“, eða eldflaugaofn, sem er nokkurs konar heimagerð eldavél.

„Ég smíðaði þetta í fyrrasumar. Þetta er bara sett saman úr niðursuðudósum sem eru „fittaðar“ saman og heitir „rocket stove“. Það er ekkert mál að sjá hvernig þetta er búið til á Youtube. Ég nota þetta aðallega á sumrin ef ég fer í tjaldferðalag eða eitthvað. Þá nota ég þetta sem þrímus en það er líka hægt að vera með pönnu, pott eða bara grilla. Þvermálið á grindinni er þó ekki nema svona tíu sentimetrar,“ segir Ingi Þór Ingibergsson, hljóð- og tæknimaður hjá RÚV.

Ingi segir að það eina sem þurfi að gera sé að tína spýtnabrák, rusl eða hvaða eldivið sem er og stinga honum inn í græjuna. „Þú ert enga stund að fá loga á þetta og það kostar ekkert, þú þarft ekki að kaupa þér þrímus eða gas eða neitt. Svo er þetta bara miklu skemmtilegra,“ segir Ingi Þór glaður í bragði. Ingi Þór hvetur sem flesta til að búa til sinn eigin eldflaugaofn. „Þú gætir jafnvel endað sem aðalmaðurinn á tjaldsvæðinu eða furðufuglinn. Ég er náttúrulega hálfgerð „redneck“ eins og útlitið ber með sér, þannig að þetta er svona nokkurs konar „redneck“-redding,“ segir Ingi og skellihlær.



Hér er Ingi þór búinn að sjóða vatn fyrir pressukönnukaffi.



Ómissandi lesning um Páskana



Fæst á öllum helstu blaðsölustöðum um land allt. – Áskriftarsími 578-4800. www.rit.is

CHILI-KARTÖFLUR

Kartöflur geta verið herramannsmatur þegar þær hafa verið grillaðar og bragðbættar. Þó að grillið sé notað hér má einnig gera þessa uppskrift í bakaraofni. Þessar kartöflur passa vel með kjúklingabringum. Uppskriftin miðast við fjóra.

- 12 kartöflur
- 3 msk. ólífuolía
- ½ tsk. chili-duft
- ½ tsk. paprikuduft
- 2 tsk. nýmalaður pipar
- Skrælið kartöflurnar og forsjóðið þær í 15 mínútur. Leggið á álpappír eða í eldfast form ef þær fara í ofn.
- Blandið kryddinu saman við ólífuolíuna og penslið kartöflurnar vel. Leggið á grillið eða bakið í ofni við 200°C.

Grillað eða bakað í um það bil 15 mínútur. Snúðið kartöflunum á meðan á grilltímanum stendur. Kartöflurnar eiga að vera stökkar að utan en mjúkar að innan.



GRILLAÐAR DÖÐLUR

Döðlur er hægt að nýta sem mjög góðan forrétt. Þær eru útfærðar á marga vegu. Vinsælt er að fylla þær með gráðosti, vefja beikoni yfir og grilla. Einnig er hægt að sleppa ostinum en vefja beikoni engu að síður um þær og stinga svo jarðarberi ofan á með tannstöngli. Sætt bragð af jarðarberinu passar vel með söltu bragði beikonsins. Þessi uppskrift miðast við fjóra en þá eru tvær döðlur á mann. Vel má stækka uppskriftina.

- 8 steinlausar döðlur
- 4 sneiðar beikon
- 8 jarðarber

Takið steinana úr döðlunum og vefjið hálfri sneið af beikoni um hana.

Festið með tannstöngli. Grillið í 3-4 mínútur. Þegar beikonið er steikt er jarðarberinu sett á.



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

TÓNLEIKAR Í KJÓS

Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari, Gunnar Kvaran sellóleikari og Haukur Guðlaugsson organleikari halda tónleika í kirkjunni á Reyhovllum í Kjós í dag kl. 16.00. Aðgöngu miðar verða seldir við innganginn og rennur andvirði til innanlandsaðstoðar Hjálparstarfs kirkjunnar.



NÁMSAÐSTOÐ

Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?

Íslenska - stærðfræði - enska - danska - efnafræði - lestur
eðlisfræði - þýska - franska - spænska - stafsetning o.fl.

Öll skólastig - Réttindakennarar

Nemendapjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

Kojur bjarga málunum

Margar stærðir og gerðir af kojum og rúmmum, litlum og stórum, breiðum og mjóum fyrir barnaherbergið og sumarbústaðinn!



Vefverslun husgogn.is



erum á Facebook

HÚSGAGNA HEIMILIÐ

Sérverslun með kojur og fylgihluti

112 Grafarvogi - Sími: 586 1000 - www.husgogn.is



STOLTUR Í NORÐRI

SANNIR VINIR Eiríkur Björn Björgvinsson er bæjarstjóri á Akureyri þar sem íbúafjöldi næstum tvöfaldast á páskum. Hann segir Akureyringa einstakt fólk.

Enginn veit sína ævina og aldrei hefði mig grunað að ég ætti eftir að verða bæjarstjóri, eða að ég ætti ekki afturkvæmt til Reykjavíkur, þegar ég fór sumarlangt til að spila með Völsungi á Húsavík sumarið 1986," segir Eiríkur.

Sú ferð reyndist orlagarík því Amor skaut hann með ástarörvum þegar hann kynntist húsviskri eiginkonu sinni, Ölmju Jóhönnu Árnadóttur. Saman eiga þau þrjú syni; unglíng á fimmtánda ári, snáða á fjórða ári og annan tveggja ára síðan á gamlársdag. Það er því nóg að gera hjá Eiríki í uppeldi og fjölskyldulífi meðfram embættisstörfum.

„Á virkum dögum hef ég sárásjaldan tíma til samverustunda með fjölskyldunni en reyni að vera í faðmi hennar um helgar. Þá lyftum við okkur upp, gerum

eitthvað skemmtilegt og njótum útivistar," segir Eiríkur sem lærði meðal annars til íþróttakennara og lék knattspyrnu með Fram á árum áður.

„Elsti strákurinn er í fótbolta og ég mæti á keppnir þegar færi gefst. Annars nýt ég mikils skilnings fjölskyldunnar á annasömu starfi bæjarstjórans.“

FJÖR AÐ VERA BÆJARSTJÓRI

Eiríkur er fæddur og uppalinn Reykavíkingur, en segist núorðið líta á sig sem gest í höfuðborginni.

„Ég er löngu kominn yfir heimþrá og söknuð til Reykjavíkur sjálfrar, en sakna auðvitað alltaf foreldra minna, bræðra og dýrmætra æskuvina í borginni.“

Eiríkur var ráðinn bæjarstjóri á Akureyri árið 2012, en var áður bæjarstjóri á

Á LEIÐINI HEIM

Þótt Eiríkur sé ekki innfæddur Akureyringur hefur hann náð nokkuð góðum tökum á norðlenskri mállysku. Hann segist samt vera klaufi í að tala í áttum; að segjast vera að fara í norðurlanda húss eða út að vesturveggnum, en þó fari hann fram í fjörð, eins og Eyfirðingar segja.

MYND/GVA

■ FRAMHALD Á SÍDU 2

www.gabor.is - facebook.com/gaborserverslun

Gæði & Glásileiki

Mikið úrval af fallegum skóm og töskum



Sérverslun með

Gabor 25 ár á Íslandi

FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16



Hemmi Gunn

– og svaraðu nú!

Fjölbreyttur og fjörugur þáttur

BYLGJAN 25 ÁRA 989

alla sunnudaga klukkan 16. Njótið vel



Sendum frítt úr vefverslun
www.lindesign.is

Mjúka fermingargjöfin

25 dásamleg fermingartilboð

Rúmföt frá 7.990 kr 100% bómull
Dúnsængur 24.990 kr 100% dúnn

Lin
DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is



RINGO INNIHURÐIR
Einfaldar í uppsetningu - gott verð

HURÐIR



KRONOTEX PLANKAHARÐPARKET
Fyrir heimili jafnt sem sumarhús. Verð frá 1.890 kr. m²

PARKET



FLÍSAR FYRIR FAGURKERA
Ítösk hönnun eins og hún gerist best

FLÍSAR

Þekking og persónuleg þjónusta



Mjólkursamsalan ehf. óskar eftir að ráða bifvélavirkja eða mann vanan viðgerðum á stórum bílum á bifreiðaverkstæði fyrirtækisins í Reykjavík.

Um er að ræða framtíðastarf við viðhald og viðgerðir á bílaflota fyrirtækisins. Krafa er um að viðkomandi hafir reynslu af viðgerðum stærri bíla. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og hafa góða færni í mannlegum samskiptum.

Umsóknir ásamt ítarlegri ferilskrá berist í netfangið magnusg@ms.is fyrir 13. apríl n.k.

Mjólkursamsalan ehf er framsækið framleiðslu- og markaðsfyrirtæki á sviði mjólkurframleiðslu í eigu 700 bænda og er eitt stærsta og traustasta matvælaframtæki landsins. Félagið rekur 5 starfsstöðvar víðsvegar um landið. Frekari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á heimasíðu félagsins www.ms.is.

Leynist í þér snillingur?



Reynd leitar að reyndu metnaðarfullu fólki til starfa á sviði viðskiptalausna í alþjóðlegu umhverfi.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun t.d. í tölvunarfræði, verkfræði, kerfisfræði, viðskiptafræði eða reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af forritun og innleiðingu viðskiptalausna
- Hæfni í mannlegum samskiptum og skipulögðum vinnubrögðum
- Sjálfstæði, frumkvæði og nákvæmni í starfi
- Góð enskukunnátta

Umsóknir með ítarlegri ferilskrá skulu sendar á job@reynd.is fyrir 18. apríl 2012. Frekari upplýsingar veita Bjarni Gaukur Sigurðsson (gaukur@reynd.is). Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Um Reynd.

Reynd sérhæfir sig í ráðgjöf, innleiðingum og þjónustu á Microsoft Dynamics NAV og LS Retail. Starfsmenn fyrirtækisins hafa áralanga reynslu á þessu sviði og hafa unnið fjölda slíkra verkefna innanlands sem og erlendis. Þekking starfsmanna fyrirtækisins nær út fyrir hið hefðbundna svið upplýsingatækninnar og innan fyrirtækisins eru aðilar sem hafa mikla reynslu af ráðgjöf til stjórnenda, breytingarstjórnun innan fyrirtækja, greiningu gagna og rekstri fyrirtækja. Um helmingur viðskipta Reyndar er erlendis en á meðal innlendra viðskiptavina eru ÁTVR, Víðir, IKEA og NTC. Starfsmenn eru 15 talsins og eru stofnendur og eigendur þeirra á meðal.



GlaxoSmithKline ehf. er dótturfyrirtæki GlaxoSmithKline plc, eins stærsta fyrirtækis heims á sviði rannsóknar og þróunar nýrra lyfja og bóluafna. Markmið okkar er að bæta lífsgæði fólks með því að gera því kleift að áorka meiru, líða betur og lifa lengur. Nánari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á www.gsk.com.

Sölu- og markaðsfulltrúi

GlaxoSmithKline ehf. óskar eftir að ráða starfsmann til að kynna líftækniyf og nýjungar fyrirtækisins fyrir heilbrigðisstéttum.

Starfssvið

Starfið felst í markaðssetningu og kynningu á líftækniyfjum og öðrum sérhæfðum sjúkráhuslyfjum. Viðkomandi skipuleggur og sækir fræðslufundi og ráðstefnur á þeim sjúkdómasviðum sem um ræðir og starfar náið með tengdum deildum innan GSK.

Viðkomandi eflir þekkingu á vörum GSK og veitir vandaðar og áreiðanlegar upplýsingar sem byggðar eru á öflugum rannsóknum fyrirtækisins. Starfað er eftir starfs- og siðareglum GSK með heiðarleika og hagsmuni sjúklinga að leiðarljósi.

Hæfniskröfur

Háskólamenntun á heilbrigðissviði eða lífvísindum (lyfjafræði, líffræði, hjúkrunarfræði eða sambærileg menntun).

- Færni í mannlegum samskiptum
- Metnaðarfull vinnubrögð
- Dugnaður
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Góð almenn tölvuþekking
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur

Nánari upplýsingar:

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is



Vörður tryggingar hf. er alhliða váttryggingafélag í meirihlutaeigu BankNordic. Félagið hefur vaxið hratt á undanföllum árum og í dag starfa yfir 60 manns hjá félaginu. Vörður er áhugaverður vinnustaður fyrir fólk sem vill taka þátt í frekari uppbyggingu og vexti félagsins á komandi árum. Allar nánari upplýsingar um félagið má nálgast á www.vordur.is

Viðskiptastjóri á fyrirtækjasviði

Leitað er eftir öflugum og þjónustulundduðum einstaklingi til að vinna í hópi metnaðarfullra starfsmanna sem sinna sölu og þjónustu við fyrirtæki og stofnanir. Starfið er í senn fjölbreytt og krefjandi.

Starfssvið:

- Váttryggingaráðgjöf
- Sala váttrygginga
- Greining og áhættumat
- Samskipti og þjónusta við viðskiptavini félagsins

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sölu váttrygginga æskileg
- Góð þekking á tölvu- og upplýsingatækni
- Marksækni og reynsla af sölustörfum
- Hæfni til að koma frá sér upplýsingum í ræðu og riti
- Frumkvæði og þjónustulipurð

Tjónafulltrúi sjó- og eignatjóna

Leitað er eftir öflugum og þjónustulundduðum einstaklingi til að takast á við starf tjónafulltrúa í sjó- og eignatjónum. Viðkomandi starfar í hópi metnaðarfullra starfsmanna sem sinna tjónaþjónustu við viðskiptavini félagsins. Starfið er í senn fjölbreytt og krefjandi.

Starfssvið:

- Þjónusta við viðskiptavini vegna sjó- og eignatjóna
- Tjónaskoðanir
- Mat og uppgjör á tjónum
- Yfirferð og frágangur gagna sem tengjast tjónum
- Tjónavakt

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Þekking og áhugi á smábátum og skipum
- Frumkvæði og þjónustulipurð
- Hæfni til að koma frá sér upplýsingum í ræðu og riti
- Skipulögð vinnubrögð, vandvirkni og nákvæmni

Nánari upplýsingar:

Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 29. apríl nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is



BYLGJAN
989

Sprengisandur
kraftmikill þjóðmálapáttur

Sigurjón M. Egilsson
stýrir Sprengisandi
á sunnudagsmorgnum kl. 10-12

Óskum að ráða vandvirkan og reglusaman starfsmann til húsgagnaframleiðslu.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilsskrá á box@frett.is merkt „Húsgagnaframleiðsla-0412“



www.lyfja.is

Snyrti- og förðunarfræðingar athugið

Spegill, spegill herm þú mér ...

Við erum að leita að snyrti- og/eða förðunarfræðingum til að ráðleggja viðskiptavinum okkar við kaup á snyrtivörum, ýmist í hlutastarfi eða fullu starfi í apótekum okkar á höfuðborgarsvæðinu.

Starfið er skemmtilegt og fjölbreytt á líflægum vinnustöðum þar sem í boði eru samkeppnishæf laun, gott vinnuumhverfi og möguleikar á að þróast í starfi.

Tekið er við umsóknum á vefslóðinni www.lyfja.is og er umsóknarfresturinn til **15. apríl nk.**

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og ráðið verður í störfín sem fyrst. Nánari upplýsingar um störfín má finna á heimasíðu okkar, www.lyfja.is og hjá starfsmannahaldi í síma 530 3800.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. eru karlar jafnt sem konur hvattir til þess að sækja um stöðu hjá fyrirtækinu.

Við sækjumst eftir drifandi einstaklingum með áhuga á snyrtivörum, ríka þjónustulund, söluhæfileika, góða tölvukunnáttu og getu til að vinna undir álagi. Reynsla af verslunarstörfum er æskileg og reynsla af störfum í apóteki er kostur.



KOLABRAUTIN RESTAURANT

VEGNA MIKILLA ANNA ÓSKUM VIÐ EFTIR AÐ RÁÐA Í EFTIRFARANDI STÖÐUR:

FRAMREIÐSLUNEMA,
MATREIÐSLUNEMA,
FRAMREIÐSLUMENN
BARÞJÓNA Á KOLABARINN
OG AÐSTOÐARFÓLK Í SAL.

Umsóknir sendist á
info@kolabrautin.is

Kolabrautin er á 4ðu hæð Hörpu

info@kolabrautin.is



GIGTARFÉLAG ÍSLANDS
www.gigt.is

Almennt skrifstofustarf

Gigtarfélag Íslands óskar eftir að ráða starfskraft á skrifstofu félagsins til almennra skrifstofustarfa, s.s. umsjónar með félagakerfi, netpósti, afgreiðslu ýmiskonar og reikningagerð. Um er að ræða 70 til 80% fjölbreytt starf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Hæfniskröfur:

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Góð tölvukunnáttu
- Æskileg reynsla af launavinnslu og reikningagerð
- Færni í mannlegum samskiptum
- Sveigjanleiki og sjálfstæði í starfi

Áhugasamir vinsamlega sendið umsókn og starfsferilsskrá á netpóstinn emilthor@gigt.is eða skili á skrifstofu félagsins að Ármúla 5.

Umsóknarfrestur er til 16. apríl n.k.

Allar frekari upplýsingar veitir Emil Thóroddsen framkvæmdarstjóri, í síma 530 3600 eða 863 9922.

ERUM VIÐ AÐ
LEITA AÐ ÞÉR?

STÖRF Í BOÐI Í BYKO SELFOSSI

Við leitum að drifandi fólki með ríka þjónustulund og brennandi áhuga á verslun

AÐSTOÐARVERSLUNARSTJÓRI

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sölumennsku og stjórnun
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Tölvukunnáttu til að leysa dagleg verkefni
- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund

SÖLUMAÐUR

Hæfniskröfur:

- Brennandi áhugi og reynsla af sölumennsku
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum

Sótt er um störfín á www.byko.is.

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.



FJÓRHJÓLAFERÐIR

Starfsmaður óskast í ferðageirann

Safari hjól leitar að góðum starfsmanni / leiðsögumanni til að starfa við fjórhjólafærðir fyrirtækisins. Við leitum að nokkrum einstaklingum sem hafa áhuga á að starfa í ferðageiranum, hafa umsjón með fjórhjólafærðum sem og öðrum ævintýrafærðum sem Safari hjól bjóða uppá.

Viðkomandi þarf að vera góður leiðsögumaður eða góður efniviður í slíkan, góða samskiptahæfileika og góð kunnáttu á talaðri ensku er skilyrði. Meirapróf er kostur (ekki skilyrði) sem og próf úr leiðsögumannaskólanum.

Hafir þú áhuga á að starfa hjá okkur ekki hika við að sækja um. Okkur vantar líka oft leiðsögumenn í einstakar ferðir og verkefni.

Safari hjól er elsta fjórhjólafyrirtæki landssins og er í eigu ferðasmíðjunnar Eskimos. Fyrir réttan aðila bjóðast margir fjölbreyttir möguleikar við starf í ferðageiranum

Vinsamlega sendu umsókn þína á quad@quad.is



Skútuvogur 1b – 104 Reykjavík
Sími 822-0033 – 414-1533



Vinnumálastofnun leitar eftir kraftmiklu og jákvæðu starfsfólki í liðsheim sína á Norðurlandi vestra bæði þjónustuskrifstofu og Greiðslustofu á Skagaströnd.

Fulltrúi – Þjónustuskrifstofa

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Móttaka umsókna og vinna við greiðslukerfi Vinnumálastofnunar
- Símapjónusta og upplýsingagjöf
- Þjónusta við atvinnuleitendur á Norðurlandi vestra
- Önnur verkefni í starfsemi stofnunarinnar

Fulltrúi – Símaver

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Símsvörun, almenn skrifstofustörf
- Upplýsingagjöf
- Önnur tilfallandi verkefni

Fulltrúi – Afgreiðsla umsókna

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Afgreiðsla umsókna, aðstoð við útborgun, almenn skrifstofustörf
- Skráning upplýsinga og upplýsingagjöf
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur fulltrúa

- Stúdentspróf er æskilegt
- Góð reynsla af skrifstofustörfum
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Þekking á vinnumarkaði, stjórnsýslulögum og atvinnuleysistryggingarkerfinu er kostur
- Samskiptahæfni og rík þjónustulund ásamt skipulags-hæfileikum, sjálfstæði og metnaði til að skila góðu starfi

Sérfræðingur - Afgreiðsla umsókna

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Framkvæmd og ábyrgð á afgreiðslufundum
- Formleg samskipti við einstaklinga og opinberar stofnanir
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólanám sem nýtist í starfi
- Góð þekking á vinnumarkaði, stjórnsýslulögum og atvinnuleysistryggingarkerfinu
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Samskiptahæfni og rík þjónustulund ásamt skipulags-hæfileikum, sjálfstæði og metnaði til að skila góðu starfi

Sérfræðingur - Innheimtur

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Innheimta ofgreiddra bóta
- Útreikningur bóta
- Formleg samskipti við einstaklinga og opinberar stofnanir
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólanám sem nýtist í starfi
- Reynsla af innheimtum eða launavinnslu (æskileg)
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Samskiptahæfni og rík þjónustulund ásamt skipulags-hæfileikum, sjálfstæði og metnaði til að skila góðu starfi

Umsóknarfrestur er til 23. apríl 2012.

Öllum umsóknum verður svarað.

